

The background features a minimalist design of pink lines. Two vertical lines are on the left side, and three horizontal lines cross them. The lines vary in thickness and length, creating a grid-like structure. The top horizontal line is the longest, followed by a shorter one, and then a third one that is shorter still. The vertical lines also vary in length, with the leftmost one being the longest.

AGNES M.  
SIGURÐARDÓTTIR

Í orði  
og  
verki

Hirðisbréf til  
fólksins í kirkjunni  
og annarra  
fróðleiksfúsra

Í orði og verki



AGNES M. SIGURÐARDÓTTIR

# Í orði og verki

Hirðisbréf til fólksins í kirkjunni  
og annarra fróðleiksfúsra

SKÁLHOLTSÚTGÁFAN  
REYKJAVÍK 2022

## **Í orði og verki**

*Hirðisbréf til fólksins í kirkjunni  
og annarra fróðleiksfúsra*

© Agnes M. Sigurðardóttir | 2022

Skálholtsútgáfan  
Reykjavík 2022

Öll réttindi áskilin.

Hönnun og umbrot: Brynjólfur Ólason  
Letur: Sabon LT og Neue Haas Grotesk  
Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,  
svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða  
á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,  
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

ISBN 978-9935-456-69-4

[www.skalholsutgafan.is](http://www.skalholsutgafan.is)

# Efnisyfirlit

Formáli .....	9
1. hluti	
Inngangur .....	27
Hið íslenska biblíufélag .....	29
<i>Aðdragandi stofnunar félagsins</i> .....	29
<i>Biblíuútgáfur og -þýðingar</i> .....	30
Biblían .....	32
<i>Biblían og kirkjan</i> .....	33
<i>Hvað er þá maðurinn?</i> .....	33
<i>Kvennabiblían</i> .....	34
<i>Biblían og kvennaguðfræðin</i> .....	35
<i>Biblían í ljósi femínískra sjónarmiða</i> .....	36
Biblían og nútíminn .....	38
<i>Biblían og umhverfismálin</i> .....	38
<i>Umhverfismálin</i> .....	38
<i>Unga fólkið í kirkjunni og umhverfismálin</i> .....	39
<i>Umhverfisstefnan</i> .....	40
<i>Kirkjan, Biblían og umhverfismálin</i> .....	41
<i>Ný nálgun</i> .....	42
<i>Græna kirkjan</i> .....	42
<i>Þjóðkirkjan og aðrar kirkjudeildir</i> .....	43
<i>Réttlátur friður við jörðina</i> .....	44
<i>Tímamótafundur</i> .....	45
<i>Umhverfismálin og fleiri viðmælendur</i> og samstarfsaðilar .....	46
<i>Heimsráðstefna í Skálholti</i> .....	47
<i>Biblían og mannréttindin</i> .....	50
<i>Mannréttindayfirlýsingin</i> .....	50
<i>Fólk á flótta</i> .....	52

<i>Kirkjan og mannúðin</i> .....	53
<i>Nauðung og kærleikur</i> .....	55
<i>Biblían og jafnréttið</i> .....	57
<i>Markmið stefnunnar</i> .....	57
<i>Tölfræðin</i> .....	57
<i>Kirkjan og jafnréttið</i> .....	58
<i>Kirkjan og kynferðisbrot</i> .....	59
<b>Trú</b> .....	61
<b>Kirkjan</b> .....	62
<i>Kirkjuskilningur Lúters</i> .....	62
<i>Hlutverk og erindi kirkjunnar</i> .....	63
<i>Samnefnari</i> .....	64
<i>Samstaða kirkna</i> .....	64
<i>Rödd kirkjunnar</i> .....	65
<i>Sókn og söfnuður</i> .....	66
<i>Vegferðin</i> .....	67
<i>Þjóðkirkjan</i> .....	70
<i>Stjórnarskráin</i> .....	70
<i>Hvað er þjóðkirkja?</i> .....	71
<i>Sjálfsmynd</i> .....	72
<i>Háskólamenntað fólk</i> .....	73
<i>Kirkjan og ríkið</i> .....	74
<i>Samband þjóðar og kirkju</i> .....	76
<i>Sjálfstæð kirkja</i> .....	76
<i>Aðskilnaður ríkis og kirkju</i> .....	77
<i>Fækkun skírna</i> .....	78
<i>Skírnin og lífssambengið</i> .....	79
<b>Kærleiksbjónusta kirkjunnar</b> .....	81
<i>Hjálparstarfið</i> .....	82
<i>Skjólíð</i> .....	83
<i>Sálgæslu- og fjölskyldubjónustan</i> .....	84
<b>2. hluti</b>	
<b>Hirðishlutverkið</b> .....	87
<i>Hlutverk biskupsins í lögum og reglum</i> <i>og samkvæmt hefðum</i> .....	87
<i>Leiðtogi</i> .....	93

<i>Þjónustan</i> .....	95
<i>Biskupsstofa</i> .....	96
<i>Fræðslumál</i> .....	97
Skipulag þjóðkirkjunnar .....	99
<i>Kirkjuþing</i> .....	99
<i>Skipan þjónustunnar</i> .....	100
<i>Farið hratt yfir sögu sameiningar</i> .....	102
<i>Val á prestum</i> .....	104
<i>Kirkjuráð</i> .....	105
Breytt skipan 1. júlí 2021 .....	107
<i>Frumvarpið að lögum</i> .....	108

### 3. hluti

Framtíðin .....	111
<i>Birtingarmynd þjóðkirkjunnar</i> .....	112
<i>Hver eru viðtakendurnir?</i> .....	113
<i>Nýsköpun</i> .....	114
Verk að vinna .....	117
<i>Sálmabókin</i> .....	117
<i>Handbókin</i> .....	117
<i>Vísitasíur</i> .....	118
Hlutverk kirkjunnar .....	120
<i>Að vera og gera</i> .....	121
<i>Nýir tímar</i> .....	122
<i>Trúariðkun</i> .....	124
<i>Tiltekt</i> .....	124
<i>Tími umbreytinga</i> .....	125
<i>Nútiðin og framtíðin</i> .....	127
<i>Biskupstíðin</i> .....	128





## Formáli

Nú sit ég hér á biskupsstóli og velti fyrir mér hvað hefur leitt mig til þeirrar stundar að vígjast til biskups árið 2012.

Áhugi minn á kirkjunni hófst strax í frumbersku enda tilvera mín samofin kirkjunni frá upphafi lífs míns. Ég fæddist á prestssetrinu á Ísafirði og áhugi minn á því sem faðir minn, presturinn, sýslaði við í dagsins önn var mikill. Oft hef ég heyrt söguna af því þegar barnið ég fór til dyra með móður minni þegar bjallan hringdi. Ég var ekki há í loftinu enda ekki nema tveggja ára. Á tröppunum stóð verðandi brúðgumi og vildi fá að vita hvaða vottorð hann þyrfti til að mega ganga í hjónaband. „Saramannavottorð, læknisvottorð og leyfisbréf,“ svaraði ég með minni barnslegu röddu og saramannavottorðið var að sjálfsgöðu svaramannavottorð.

Skírnarathafnir og hjónavígsluathafnir fóru oftar en ekki fram í stofunni heima enda prestssetrin þá einnig opinber heimili. Gestagangur var mikill og snemma varð barninu ljóst að lífið er alls konar.

Þegar önnur börn léku sér úti eða inni sat þetta barn yfir kirkjubókum og manntölum, lærði ljóð, innritaði í sumarbúðir eða tók við söfnunarfé til Hjálparstarfs kirkjunnar sem hét reyndar við stofnun þess Hjálparstofnunar kirkjunnar. Að vísu var einn leikur viðhafður og það var að gifta vinina og skíra dúkkurnar.

Eftir því sem árin liðu var ljóst að áhugi minn á fram-  
tíðarstarfi beindist að því að verða prestur eins og pabbi.  
Allt sem hann gerði var spennandi. Athafnirnar, skrif-  
stofustörfin, fundirnir – já, líka fundirnir.

Prófastsstörfunum kynntist ég einnig því að faðir  
minn var prófastur á minni tíð á Ísafirði. Með honum fór  
ég nokkrar vísitasíuferðir þegar aldur leyfði og stundum  
fór ég með honum til athafna inn í Djúp og á fleiri staði.  
Nokkrar eftirminnilegar ferðir fór ég, til dæmis í skírnar-  
athöfn í Vigur þar sem við sigldum frá Súðavík á opnum  
vélbáti með Birni í Vigur, og í skírnarathöfn að Kirkju-  
bóli í Langadal þar sem faðir minn skírði alnafna sinn  
sem fæddur er á sextugsafmæli hans. Forvitna barnið  
ég tók sérstaklega eftir stemningunni í skírnarveislunum  
þar sem fullorðna fólkið kundi svo sannarlega að meta  
að koma saman af gleðilegu tilefni.

Aldrei gleymi ég ferðinni okkar pabba að Hesti í Hest-  
firði en þar bjó fjölskylda sem tilheyrði Ísafjarðarpresta-  
kalli. Þá var verið að leggja veginn inn í Djúp. Broncoinn  
komst yfir Kamsnesið og inn ruðninginn í Seyðisfirði  
og upp á Eiðið milli Seyðisfjarðar og Hestfjarðar. Þaðan  
gengum við út með Hestfirðinum og fengum góðar mót-  
tökur á Hesti. Húsmóðirin Sigurborg Árný Guðmunds-  
dóttir bakaði pönnukökur sem runnu ljúflega í maga.  
Þau hjón fluttust síðar til Súðavíkur og lést Sigurborg í  
snjóflóðinu þar í janúar 1995.

Stundum kom það fyrir að börn innan úr Djúpi dvöld-  
ust um tíma á prestssetrinu og lærðu fyrir fermingu.  
Einn þeirra var Barði Ingibjartsson frá Hesti í Hestfirði.

Áratugir liðu þar til ég hitti hann aftur en hann er nú sóknarnefndarformaður í Súðavík ásamt mörgu fleiru. Þannig bankar fortíðin upp á við hinar skemmtilegustu aðstæður.

Ég man líka þegar Sigurbjörn biskup kom vestur. Það var ætíð fagnaðarefni þegar hann og þau hjón komu í heimsókn. Þá var ekki gist á hóteli heldur lét blessaður biskupinn sér nægja að sofa á díváninum sem var á skrifstofunni á prestssetrinu. Þannig var í þá daga.

Einu sinnu þegar Sigurbjörn vísiteraði fyrir vestan hafði pabbi fengið Gerald á Mánakaffi til að ná í biskupinn inn í Djúp en pabbi komst ekki heim með bílinn því vegurinn var ekki kominn inn Djúpið. Bíllinn komst með Fagranesinu inn í Ögur, Melgraseyri, Arngerðareyri eða inn í Bæi. Ef keyra átti heim varð að fara yfir Þorska-fjarðarheiðina og áfram norður eftir Kjálkanum, yfir heiðarnar og til Ísafjarðar. Við Fríða systir mín fengum að fara með Gerald inn í Djúp því við vildum fara að Skerðingsstöðum þar sem pabbi var fæddur og uppalinn og bræður hans bjuggu. Þangað var alltaf farið á hverju sumri.

Prestslegu uppeldi mínu fylgdu því ferðalög sem beinlínis voru tengd starfi föður míns og ekki minnkaði það áhuga minn á kirkjunni, starfi hennar og þjónustu.

Það liðu 22 ár frá því faðir minn lét af prófastsstörfunum þar vestra árið 1977 þar til ég tók við sem prófastur í Ísafjarðarprófastsdæmi, síðar Vestfjarðarprófastsdæmi eftir sameiningu við Barðastrandarprófastsdæmi 2005 og Strandasýslu 2010 sem var þá hluti af Húnavatnspró-

fastsdæmi. Það var gaman að lesa í fundargerðabókum og vísitásiugjörðum frá fyrri tíð og ekki sakaði að fá að sjá skriftina hans pabba.

Það hefur líka komið sér vel í prestsstarfinu og síðar biskupsstarfinu að hafa numið fræðin í Tónlistarskóla Ísafjarðar. Það tónlistarlega uppeldi hjá Helgu Helgadóttur, Messíönu Marselíusdóttur og Ragnari H. og Sigríði konu hans hefur aldeilis komið að gagni. Það er ekki bara það að læra á píanó, tónfræði, hljómfræði og allt sem tónlistarnámi fylgir heldur líka sá siður þar vestra að spila vikulega á samæfingum fyrir kennarana og samnemendurna. Sá agi sem tónlistarnámi fylgir er líka góður grunnur fyrir lífið sjálft.

Þegar ég var barn sá ég fyrir mér að eiga og reka verslun eins og Rósa Friðriksdóttir í Súðavík. Á það heimili kom pabbi alltaf eftir messurnar í Súðavík, spjallaði við Áka Eggertsson og þáði veitingar hjá Rósu. Oftar en ekki var ég með í för og draumurinn var að verða eins og Rósa þegar ég yrði stór. Á sunnudögum var búðin lokuð en fólkið gerði vart við sig bakdyramegin ef það vanhagaði um eitthvað. Rósa fór þá fram í búð og náði í vöruna. Þetta fannst mér hrein snilld og svona ætlaði ég að verja lífi mínu.

Annað sem ég hafði hugsað mér að gera eftir stúdentsprófið var að læra bókasafnsfræði sem þá var farið að kenna í Háskólanum. Ég er alin upp á bókasafninu á Ísafirði og þekkti þar hvern krók og kima. Þar lærði ég að lesa hjá Halldóri Ólafssyni sem þar var bókaörður. Þangað fórum við systur veturinn fyrir fyrsta bekk í

Barnaskólanum og lærðum að lesa með bandprjónsaðferðinni. En ég var ekki aðeins milli bókahillnanna þarna niður frá. Ég sá einnig um að brjóta saman blaðið *Vestfirðing* sem Halldór ritstýrði og sendi til áskrifenda vítt og breitt um Vestfirði og víðar. Ég hóf þetta starf svo lítil að það varð að setja bókastafla undir mig til að ég næði upp á vinnuborðið. Þarna áttaði ég mig á því að það voru ekki allir eins og litu lífið misjöfnum augum. Þau sem höfðu svipaða lífssýn áttu eitthvað sameiginlegt, í þessu tilfelli blað sósíalistanna, *Vestfirðing*.

Þegar ég var búin með fyrsta bekk í Menntaskólanum á Ísafirði ákvað ég að læra guðfræði. Ekki vegna þess að ég vildi nema fræðin sérstaklega heldur vegna þess að það veitti mér aðgang að þjónustu í kirkjunni. Ég þekkti vel þau tvö hlutverk sem foreldrar mínir gegndu en það voru hlutverk prestsins og prestsfrúarinnar. Eiginkonur presta hér áður fyrir sáu um miklu meira en börn og bú. Þær voru eins og hótelsstyrur sem tóku á móti fólki, bæði til gistingar og fæðis. Þær höfðu stofuna tilbúna fyrir athafnir, sóttu alltaf messurnar og pössuðu upp á að allt væri til reiðu fyrir prestinn til allra athafna. Þær svöruðu í síma og dyrabjöllu (eða banki) þegar sóknarbörnin þurftu að ná tali af prestinum. Þeir hugsuðu ekki um að fötin væru hrein og strokin, það gerðu þær. Þeir gátu bjargað sér á heimilinu ef á þurfti að halda en dagleg heimilisstörf voru prestsfrúnna. Margar þeirra spiluðu einnig á hljóðfæri og spiluðu undir í athöfnunum heima í stofu.

Ég vildi frekar eiga það hlutskipti að vera í stöðu prestsins en frúarinnar og ákvað því að læra til prests.

Reyndar skilst mér að heyrst hefði á Ísafirði þegar ég fæddist að verst væri að barnið væri stúlka því þá gæti hún ekki orðið prestur.

Fyrsta árið mitt í guðfræðideildinni var ég einnig í Tónlistarskóla Reykjavíkur. Tók þar inntökupróf um haustið og lærði á píanó hjá Rögnvaldi Sigurjónssyni. Annað árið í guðfræðideildinni lagði ég píanónámið á hilluna og einbeitti mér að guðfræðinni. Þegar líða fór á veturinn fannst mér það ekki nóg. Ég saknaði tónlistarnámsins. Ég skráði mig því í orgelnám í Tónskóla Þjóðkirkjunnar og nam þar einnig þriðja veturinn minn í guðfræðinni. Kennari minn á orgelið var Reynir Jónasson og svo kenndi Guðni Guðmundsson mér kórstjórn. Tónfræðina hafði ég lært í tónlistarskólanum heima. Ég held að kirkjutónlist hafi þá ekki verið sérfaag í Tónskólanum eins og nú er.

Við vorum átta sem útskrifuðust úr guðfræðideildinni vorið 1981, þrjár konur og fimm karlar. Þegar ég hóf þar nám voru tvær konur fyrir í deildinni sem hugðu á cand. theol.-próf en tvær höfðu brautskráðst löngu áður. Við vorum þrjár sem innrituðumst þetta haust. Nokkrar konur voru auk þess í bakkalárnámi sem nýlega hafði verið boðið upp á en það veitir ekki embættisgengi.

Þegar ég hafði ákveðið að verða prestur sagði faðir minn, presturinn, við mig að mér væri þá ætlað að vera þjónn en ekki herra. Þessi hugmynd um prestshlutverkið kom því úr foreldrahúsum og ég hef borið hana með mér ætíð síðan. Því miður var faðir minn látinn þegar ég vígðist til prests en hugmyndir mínar og vera mín sem

kirkjunnar þjónn eru spröttnar af uppruna mínum og þeirri mótun sem námið í guðfræðideildinni færðu mér. Á námsárum mínum þar kynnti sr. Auður Eir Vilhjálmisdóttur okkur konunum í deildinni fyrir guðfræði sem hún hafði kynnst hjá Lúterska heimssambandinu þegar hún sótti ráðstefnu eða viðburð á vegum þess. Sú guðfræði hefur verið nefnd kvennaguðfræði og hefur hún mótað hugmyndir mínar um Guð, mann og heim æ síðan.

Ég er alin upp við að líta á alla menn jöfnum augum. Enginn er öðrum fremri á veraldlega vísu. Virðing skal borin fyrir öllum óháð stétt og stöðu. Oftar en ekki var mér ókunnugt fólk í stofunni heima sem ég hafði ekki hitt áður. Öllum skyldi heilsað með handabandi og hneigingu. Já, ég er alin upp við að hneigja mig fyrir gestum. Það er því ekki að ófyrirsynju sem systir mín segir okkur aldar upp á 19. öldinni ef ekki þeirri 18.

Rætur mínar eru allar á Vestfjörðum. Agnes föðuramma mín var fædd í Steingrímsfirðinum og Kristján föðurafi minn í Þorskafirðinum. Ættir þeirra beggja liggja í Reykhólasveitinni. Rannveig móðuramma mín var fædd í Leirufirði í Jökulfjörðum og Hagalín móðurafi minn í Reykjarfirði. Rætur þeirra beggja eru í Grunnavíkurbreppi. Á Skerðingsstöðum í Reykhólasveit voru heimkynni föður míns og á Steinhólum á Höfðaströnd í sunnanverðum Jökulfjörðum ólst móðir mín upp. Báðir foreldrar mínir eru uppalin við Guðsorð og húslestra og á ég bókareintak föðurafa míns sem hann las upp úr á sunnudögum fyrir fjölskyldu sína. Bókin heitir *Guð-*



*spjallamál: Prédikanir á sunnudögum og hátíðum kirkjunnar* og er eftir Jón Bjarnason (útg. árið 1900).

Af því að skrifstofa föður míns var á heimilinu komst ég ekki hjá því að sjá fólk leita til hans í misjöfnum erindagjörðum. Ég tók líka mjög inn á mig þegar slys urðu á sjó og landi. Sjóslys voru tíð á uppvaxtarárum mínum á Ísafirði og ég strengdi þess heit með sjálfri mér að aldrei skyldi ég verða prestur í sjávarplássi. Það yrði mér um megn. Prestar landsins fengu litla hjálp þegar áföll urðu sem rötuðu inn á þeirra borð. Áfallahjálp var ekki þekkt og ekkert teymi kom milli hinna háu fjalla þegar sorgin bankaði upp á, jafnvel hjá mörgum fjölskyldum í einu. Það reyndi því oft á prestinn sem manneskju, ekki hvað síst þegar vinir og samferðafólk áttu um sárt að binda.

Þegar ég lauk náminu í guðfræðideildinni vorið 1981 voru ekki margir möguleikar í boði til að vígjast til prests. Það vantaði prest á örfáa staði úti á landi en ég hafði ekki tök á því á þeim tíma að yfirgefa höfuðborgina af fjölskylduástæðum. Það var ekki sóst eftir guðfræðingum í vinnu annars staðar en í þjóðkirkjunni. Ég fór á fund biskups Íslands, Sigurbjörns Einarssonar, þeirra erinda að spyrja um möguleika á starfi í þjóðkirkjunni. Á mánudegi þó nokkru síðar fékk ég símtal frá honum þar sem hann spurði mig hvort ég vildi vígjast sem æskulýðsfulltrúi þjóðkirkjunnar næsta sunnudag. Samkvæmt þáverandi lögum skyldi æskulýðsfulltrúi þjóðkirkjunnar vera prest-vígður maður. Ég hugsaði mig ekki um tvisvar og það er enda í anda þess sem líf mitt hefur verið. Ég hef ekki velt hlutunum mikið fyrir mér heldur gripið þau tækifæri sem

gefist hafa, oftast án umhugsunar. Það er reyndar ekki samkvæmt fræðum nútímans þar sem haldið er að fólki þeirri hugsun að setja sér markmið og vinna að því. Það hef ég aldrei gert heldur treyst skapara mínum og verið þess fullviss að allar tilviljanirnar væru handleiðsla Guðs.

Ekki voru allir sammála biskupnum um að næsta sunnudag skyldi vígja nýjan æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar. Sigurbjörn brá á það ráð að biðja alla fulltrúa í æskulýðsnefnd þjóðkirkjunnar, en þeir voru um allt land, að senda sér símskeyti þess efnis að þeir væru sammála því að ég skyldi vígð til þjónustunnar. Það gekk eftir og seinni part miðvikudagsins 16. september var ljóst að ég yrði vígð næsta sunnudag, þann 20. september 1981. Með mér vígðust í þessari síðustu vígsluathöfn Sigurbjörns sem biskups Íslands, sr. Guðni Þór Ólafsson, sr. Hanna María Pétursdóttir og sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson. Þar sem ég var fyrst í stafrófinu telst ég þriðja konan sem vígðist til prests í íslensku þjóðkirkjunni, en Hanna María sú fjórða, nokkrum andartökum á eftir mér.

Æskulýðsfulltrúastarfinu gegndi ég í fimm ár og voru fyrstu árin sem framhaldsnám fyrir mig. Ég hafði þekkingu á starfi kirkjunnar í sóknunum en enga þekkingu á starfi kirkjunnar á biskupsstofu. Það er ekki sami sjónarhóllinn að horfa á kirkjuna frá sókninni eða biskupsstofu. Ég var orðinn stjórnandi á biskupsstofu með tvo aðstoðaræskulýðsfulltrúa mér við hlið og skrifstofukonu að auki. Allt efni fyrir barnastarfið var framleitt þar, útgefið þar og þaðan dreift til safnaðanna. Einnig voru ófáar ferðirnar úti í söfnuðina um allt land til að

fylgja efninu eftir og styðja við barna- og æskulýðsstarfið. Einnig þurfti að sjá til þess að efni væri til fyrir fermingarstarfið og starfið í æskulýðsfélögunum og ófáar voru ferðirnar á fermingarbarnamót og æskulýðsmót. Auk þess voru samskipti um æskulýðsstarfið við norrænu kirkjurnar og nokkra aðila innanlands sem störfuðu með börnum og unglingum. Ég gerði fjárhagsáætlun og færði sjóðsbókina en bókhaldið var unnið annars staðar. Samskipti við ráðuneyti dóms- og kirkjumála voru auk þess nokkur.

Daginn sem ég tók við starfi æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar tók Pétur Sigurgeirsson við embætti biskups Íslands. Hann ákvað að sérþjónustuprestar, sem þá voru kallaðir brauðlausir prestar, yrðu tengdir kirkjum á höfuðborgarsvæðinu. Það voru, auk æskulýðsfulltrúans, fangaprestur, sjúkrahússprestur og prestur heyrnarlausra. Ég var tengd Dómkirkjunni og messaði þar reglulega. Auk þess annaðist ég barnastarfið þar í fjögur ár af þeim fimm sem ég gegndi starfi æskulýðsfulltrúa.

Næstu átta árin gegndi ég prestsþjónustu í Hvanneyrarprestakalli í Borgarfirði og var fyrsti kvenkyns presturinn sem þjónaði í Borgarfirði. Í prestakallinu voru fjórar sóknir. Í þremur þeirra, Hvanneyrarsókn, Bæjarsókn og Lundarsókn, var reglulegt helgihald, en Fitjakirkja var í viðgerð þar til síðasta mánuðinn sem ég þjónaði þarna. Ein guðsþjónusta fór þó fram í sókninni ár hvert, í Stálpastaðarjóðri í Skorradal um mitt sumar. Safnaðarstarfið í Hvanneyrarprestakalli var hefðbundið, guðsþjónustur, barnastarf, fermingarstarf, biblíulestrar og kvennastarf.

Tvö verkefni voru sameiginleg fyrir allar sóknirnar, annars vegar opið hús einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann og hins vegar aðventusamkoma í Brún í Bæjarsveit. Þangað voru sóknarbörnin og gestir þeirra velkomin. Eitt sinn var nágrannaprestur að flytja okkur fróðleik til skemmtunar og lítill drengur sem hafði komið með mömmu sinni í opna húsið var orðinn órólegur. Mamma hans sussaði á hann og sagði honum að vera rólegur meðan presturinn talaði. Hann horfði á mömmu sína og sagði: „Hann er karl.“ Drengurinn þekkti aðeins mig sem prestinn sinn svo hann hélt að allir prestar væru konur.

Konurnar í kvenfélögunum tveimur í prestakallinu, Kvenfélagi Lunddæla og Kvenfélaginu 19. júní, voru mínir samstarfsaðilar í opnu húsunum. Félagskonur sáu um veitingarnar til skiptis. Það voru alltaf tvö atriði til skemmtunar en opnu húsin hófust með stuttri helgri stund. Fermingarbörn hvers árs sáu um að skreyta salinn í Brún fyrir aðventustundirnar og raða upp borðunum. Kirkjukórarnir þrír sungu saman og börnin í prestakallinu sýndu helgileik. Kvenfélagskonurnar sáu um að undirbúa veitingarnar og fermingarbörnin aðstoðuðu við að bera þær á borð.

Lífstaktur sveitarinnar var mér framandi í fyrstu, því að það er tvennt ólíkt, að vera fullorðin með ábyrgð annars vegar, og barn í sveit að sumri til hins vegar.

Ég sótti um prestsstarfið í Borgarfirðinum þegar dóttir mín var tveggja vikna. Mér fannst ég yrði að standa mig á öllum vígstöðvum og ekki annað í boði en að sækja um embættið þó að tímapunkturinn væri ekki sá besti.

Þá var sá háttur hafður á að sóknarbörnin kusu prestinn í almennri kosningu. Ég messaði í kirkjunum þremur og þar sem ég var ekki í góðri aðstöðu til að kynna mig fyrir söfnuðinum með heimsóknum brá ég á það ráð að taka með mér kaffi og kökur, mömmu og tengdamömmu. Eftir messurnar fékk ég að bjóða til kirkjukaffis í félagsheimilinu í Lundarreykjadal og Bæjarsveit og í Bændaskól-anum á Hvanneyri. Þar kynnti ég mig og fjölskyldu mína, manninn minn sem er tónmenntakennari og organisti, sex ára son minn og nýfædda dóttur mína.

Kosningin fór fram á sunnudegi og voru atkvæðin talin næsta fimmtudag. Ég fékk Pétur Þorsteinsson Borgfirðing og þá óvígðan guðfræðing til að vera við talninguna fyrir mína hönd. Pétur stóð sig vel í því hlutverki og ritaði fundargerð sem hann afhenti mér að talningu lokinni. Pétur er grínaktugur maður og ber fundargerðin þess merki.

„Kosning í Hvanneyrarprestakalli 2. nóv. ’86. Talning 6-11-’86.“

Fyrst telur hann upp viðstadda, biskup Íslands, biskupsritara, fulltrúa prestafélagsins og ráðuneytis dóms- og kirkjumála og mótframbjóðandann. Fram kemur að 308 voru á kjörskrá og kusu alls 172, sem er meirihluti kosningabærra og kosningin því lögmæt. Ég fékk 147 greiddra atkvæða. Vísa var á einum kjörseðlinum sem taldist þar með ógildur.

*Kirkjan finnst mér miður merk  
og mun ei trúnni hrósa.*

*En úr því að burðast á með klerk  
ég Agnesi vil kjósa.*

Fyrstu mánuðina var prestssetrið á Hvanneyri ekki til-tækt til búsetu. Við fengum inni hjá þeim heiðurshjónum Sigríði og Snorra á Syðstu-Fossum. Þar bjuggu þau myndarbúi ásamt börnum sínum fimm og Guðjóni föður Sigríðar. Á heimilinu mættum við hlýhug og nutum mikils stuðnings þeirra öll árin okkar á Hvanneyri. Börnin okkar voru til dæmis alla jóladaga hjá þeim á meðan við foreldrarnir messuðum, þar sem ég stóð fyrir altari og Hannes spilaði á orgelið og stjórnaði kórunum.

Eftir átta ára þjónustu í Hvanneyrarprestakalli, reynslunni ríkari og einu barni fleira, fluttumst við til Bolungarvíkur þar sem ég var sóknarprestur næstu 18 árin. Með því gekk ég á bak orða minna um að aldrei skyldi ég vera prestur í sjávarplássu. Ég var aftur komin heim til Vestfjarða eftir 19 ára fjarveru. Sóknarbörnin þar voru jafngóð við mig og sóknarbörnin mín í Borgarfirðinum höfðu verið. Það er þakkarvert að fá að þjóna góðum söfnuði og lifa með góðu fólki. Í sjávarplássinu var lífstakturinn annar en í sveitinni.

Ég var kölluð til prestsþjónustu í Bolungarvík. Það leið mánuður frá því kallið kom frá sóknarnefndarformanninum þar til við vorum flutt. Þannig voru reglurnar þá, að kalla mátti prest til safnaðar án þess að embættið væri auglýst. Prestakallinu hafði verið þjónað í afleysingu í rúmt ár frá því sr. Sigurður Ægisson fluttist til Noregs. Nágrannaprestar höfðu sinnt þjónustunni þar til sr. Gísli

Kolbeins kom vestur og var ætlað að þjóna í einn mánuð eða svo. Mánuðirnir hans þar vestra urðu reyndar 10. Ári síðar fór auglýsingin í loftið og enginn sótti um nema ég, sem var kosin.

Lengst af var prestakallið í Bolungarvík aðeins ein sókn, Hólssókn. Þar hafði verið taktfast og hefðbundið starf, messur annan hvern sunnudag og sunnudagaskóli hvern sunnudag. Eins og kunnugt er stendur Hólskirkja á hól og þaðan er útsýni vítt yfir plássíð og hluta af Ísafjarðardjúpi. Ári eftir að ég tók þar við kalli var safnaðarheimili vígt í Hvíta húsinu, sem svo er nefnt, á efstu hæð, en húsið stendur við aðalgötu bæjarins þar sem eru íbúðir eldri borgara. Það gjörbreytti allri aðstöðu því þar er skrifstofa prestsins, safnaðarsalur, fundarherbergi og eldhús. Á minni tíð fóru erfidrykkjur þar fram og oftár en ekki fermingar-, skírnar-, brúðkaups- og afmælisveislur. Þannig nýttist safnaðarsalurinn ekki eingöngu til kirkjulegs starfs.

Ég þekkti þó nokkuð til í Bolungarvík vegna nálægðarinnar við Ísafjörð. Það hafði orðið gjaldþrot hjá stóru og grónu fyrirtæki í plássinu einu og hálfu ári áður en ég kom. Andrúmsloftið bar þess merki að áfall hafði dunið yfir. Fólk hafði reynt að setja starfsemi á fót í húsi fyrrum fyrirtækis en það hafði ekki borið árangur. Það var eins og vonleysi lægi í loftinu. Það tók nokkur ár að koma atvinnumálum í viðunandi horf, meðal annars með því að sjómennirnir keyptu báta til dagróðra.

Þar til ég kom vestur aftur hafði ég litið þannig á að fjöllin vernduðu okkur fyrir veðri, vindum og öðru því

sem okkur gæti stafað ógn af. Það var því einkennileg tilfinning sem greip mig snemma morguns 16. janúar 1995, eftir rúmlega þriggja mánaða búsetu í Bolungarvík, þegar síminn hringdi og á línunni var nágrannaprestur sem sagði mér að snjóflóð hefði fallið úr hlíðinni fyrir ofan byggðina í Súðavík og verið væri að leita að fólki sem hefði orðið undir flóðinu. Ég hafði sagt fjölskyldu minni áður en við fluttumst vestur að nú gætu þau átt von á því að reyna vestfirska stórhrið. Hún kom svo sannarlega og stóð yfir í marga daga. Ég held ég hafi sjaldan reynt annan eins veðurham. Það snjóaði svo mikið á stuttum tíma að allt fór á bólakaf og vart hægt að ná andanum ef farið var út fyrir hússins dyr. Rafmagnið fór af eins og við var að búast og það bjargaði miklu að hafa útvarp með rafhlöðum svo hægt væri að fylgjast með fréttum. Ekki var viðlit að komast eitt né neitt fyrr en eftir nokkra daga.

Sama ár féll flóðið á Flateyri eins og kunnugt er. Þetta var ekki í fyrsta skipti sem snjóflóð kom úr hlíðum fjallanna fyrir vestan en það hafði ekki gerst lengi og fáir sem höfðu reynt það af íbúum plássanna. Snjóflóðin höfðu mikil áhrif eins og gefur að skilja, líka fyrir fólkið í nágrannabyggðunum. Íbúar í efstu götum plássins þurftu ítrekað að fara að heiman á öruggari staði þegar mikið snjóaði. Eftir að snjóflóð féll á húsinn í efstu götunni í Bolungarvík var ljóst að ekki var öruggt að búa þar. Nokkrum árum síðar voru þessi glæsilegu hús fjarlægð og varnargarður settur þar sem þau stóðu.

Að vera prestur mótar sjálfsmyndina eins og ef til vill flest störf. Bolungarvíkurprestakall varð til árið 1925 en



þangað til hafði sókninni lengst af verið þjónað frá Ísa-  
firði. Presturinn hafði því verið sá eini með þann starfstítl  
í plássinu í nokkra mannsaldra. Óhjákvæmilega mótast  
sjálfsmyndin af þessu því að hvar sem ég kom og var  
ávörpuð var ég séra Agnes þó að ég væri þar í eigin nafni  
en ekki sem presturinn. Dæmi um það var þegar ég var  
í dómnefnd í karóki-keppni. Þá var dómnefndin kynnt  
þannig: Sossa, Benni Sig og séra Agnes þó ekki væri ég  
tilnefnd sem presturinn heldur ég sjálf.

Ég hef tekið þátt í félags- og menningarstarfi á þeim  
stöðum sem ég hef þjónað enda finnst mér það sjálf-  
sagður hlutur að mæta fólki þar sem það er statt í lífi og  
leik. Það hefur reynst mér skemmtilegt og gefandi. Það er  
þakkarvert að fá að lifa og starfa með góðu fólki.

Ég taldi mig þekkja kirkjuna býsna vel frá fleirum en  
einum sjónarhóli þegar ég gaf kost á mér til þjónustunnar  
sem biskup Íslands í byrjun árs 2012.

1. hluti



## Inngangur

Árið 2012 var ég kjörin af fulltrúum þeirra sem þjóðkirkjunni tilheyrta til að gegna embætti biskups Íslands. Ég var fyrsta konan sem vígðist til þessa verkefnis eins og sjá má á nafnalista sem skráður er á töflur í Skálholtsdómkirkju. Þar eru skráð nöfn þeirra 44 sem sátu í Skálholti og þeirra 13 sem sátu í Reykjavík á undan mér, en þar af er einn, Geir Vídalín, á báðum töflunum. Hann var sá síðasti sem sat sem biskup Íslands í Skálholti og sá fyrsti sem sat í Reykjavík. Auk þess eru átta vígðir vígslubiskupar í Skálholtsumdæmi fyrir utan þann sem nú situr í Skálholti. Á Hólum hafa setið 13 biskupar í lúterskum sið og fjórir vígslubiskupar áður en ég vígðist, auk þeirra 23 biskupa sem sátu þar í kaþólskum sið. Núverandi vígslubiskupa í Skálholti og á Hólum vígði ég til þjónustunnar. Mér telst því til að 103 karlar hafi sinnt biskupsþjónustunni á Íslandi á undan mér, þar af 41 í lúterskum sið. Ég var kölluð til að leiða kirkju sem hafði fram að því lengst af verið leidd og stjórnað af körlum.

Eins og aðrar kristnar kirkjur heims byggir þjóðkirkjan á þeim grunni sem Jesús Kristur lagði. Um það er fjallað í guðspjöllunum en boðskapur drengsins frá Nasaret á sér djúpar rætur í sögu og menningu þeirrar þjóðar sem hann tilheyrði. Um það má lesa í ritum Gamla testamentisins. Um sögu fyrstu daga kirkjunnar í heim-

inum fræðumst við í Postulasögunni og bréfum postulanna í Nýja testamentinu. Í hinni helgu bók er grunnurinn að öllu því sem kirkjan gerir og segir og okkur ber að vera trú þeim boðskap. Biblían geymir visku kynslóðanna og í henni talar Guð, skapari, sonur og heilagur andi til okkar hvers og eins. Það er nauðsynlegt að fræðast, styrkjast, uppörvast og treysta þeim Guði sem Jesús birti okkur og boðaði.

## Hið íslenska biblíufélag

Biskup Íslands hefur frá upphafi stofnunar Hins íslenska biblíufélags, hinn 10. júlí árið 1815, verið forseti félagsins. Í stjórninni sitja átta manns auk biskups, fjórir þjóðkirkjuprestar og fjórir leikmenn úr þjóðkirkjunni og öðrum kristnum trúfélögum. Biblíufélagið hefur það að markmiði að vinna að útgáfu, útbreiðslu og notkun Biblíunnar og hefur stjórnin lagt sig fram um að nýta þá miðla sem til eru hverju sinni til þess að ná þeim markmiðum. Einnig hefur Biblíufélagið séð til þess að nýjustu rannsóknnum á sviði biblíuþýðinga sé beitt við þýðingu Biblíunnar á íslensku. Nýjasta útgáfa Biblíunnar á íslensku kom út árið 2007 þar sem öll rit hennar voru þýdd úr frummálunum. Hljóðútgáfa á ritum Nýja testamentisins, Davíðssálmum og Orðskviðunum hefur verið sett á heimasíðu félagsins, *biblian.is*, og munu öll rit Biblíunnar koma á hljóðbók á næstu árum. Einnig er hægt að nálgast upptökurnar á smáforriti (appi). Biblíusögur fyrir börn komu út á smáforriti nýlega.

### Aðdragandi stofnunar félagsins

Þann 5. júlí árið 1814 steig ungur skoskur maður á skipsfjöl í Danaveldi. Hann var á leið til Íslands í þeim tilgangi að sjá um að bókagjöf Breska og erlenda biblíufélagsins til Íslendinga kæmist til skila. Ungi maðurinn,

Ebenezer Henderson, skrifaði ferðabók um dvöl sína hér og er hún talin með merkari ferðabókum um Íslandsferð erlends gests. Henderson hafði mikinn áhuga á því að koma Biblíunni til fólks á þeirra tungumáli enda hafði hann verið einn af frumkvöðlum stofnunar Biblíufélaga í Bretlandi og Danmörku. Íslandsheimsókn hans leiddi til þess að rúmu ári síðar, eða þann 10. júlí árið 1815, var Hið íslenska biblíufélag stofnað. Það starfar enn í dag og minntist 200 ára afmælis síns með ýmsu móti árið 2015.

Í lágreistu húsi við Aðalstræti 10 í Reykjavík, sem mun vera elsta hús Reykjavíkur, var félagið stofnað, en það er jafnframt elsta starfandi félag landsins. Aðalstræti 10 var þá kallað biskupsstofan, en þar bjó Geir Vídalín biskup Íslands og þar var jafnframt skrifstofa hans. Hlutverk félagsins hefur frá upphafi verið að sjá þjóðinni fyrir hinni helgu bók á íslenskri tungu. Biblíufélagið hefur líka, eins og önnur Biblíufélög heims, stutt við útgáfu Biblíunnar í öðrum löndum, en markmið biblíufélaganna er að gera „öllum kleift að eignast Guðs Orð, Biblíuna, á þeirra eigin tungumáli, án kenningarlegra skýringa eða túlkana, og á viðráðanlegu verði,“ eins og segir á heimasíðu Biblíufélagsins, *biblian.is*.

### Biblíuútgáfur og -þýðingar

Ýmsar útgáfur eru til af Biblíunni á íslensku, því allt frá því Oddur Gottskálksson sat í fjósinu í Skálholti og þýddi Nýja testamentið, sem gefið var út árið 1540, hefur Biblían verið þýdd aftur og aftur og nýjustu rannsóknir í biblíu- og þýðingafræðum hafa verið hafðar

til hliðsjónar. Elsta heildarútgáfa Biblíunnar á íslenska tungu er Biblían sem kennd er við Guðbrand Þorláksson Hólabiskup, sem út kom þar árið 1584. Sú nýjasta er útgáfan árið 2007, sem var gefin út af JPV-útgáfu eftir margra ára þýðingarvinnu. Aðrar útgáfur má nefna, t.d. Þorláksbiblíu, Steinsbiblíu og Viðeyjarbiblíu, kenndar við útgefendurna og útgáfustaðinn. Biblían hefur komið út í 11 þýðingum á íslenskri tungu.

Biblían er grundvallarrit kristinnar og allra kristinna kirkjudeilda. Biblían kom ekki út á íslensku fyrr en eftir siðaskipti, enda lagði Lúter mikla áherslu á að Orðið og messan væru lesin og flutt á móðurmáli þeirra er á hlýddu og tækju þátt.

Biblían hefur haft mikil áhrif hér á landi. Boðskapur hennar hefur mótað hugsunarhátt þjóðarinnar. Boðskapur hennar hefur verið grundvöllur lagasetningar og framkomu við náungann. Málfar hennar hefur haft áhrif á íslenska tungu og mörg orðatiltæki eiga rætur sínar í biblíumálinu. „Einhverjum fellur eitthvað í skaut.“ „Réttu einhverjum hjálparhönd.“ „Einhverjum fallast hendur.“ Allt eru þetta orðatiltæki sem eru komin úr biblíumáli, en þýðingar Biblíunnar og orðfæri hennar hafa haft áhrif á mótun íslensks málfars. Jón G. Friðjónsson tók þau saman og um þau má lesa í hinni fróðlegu bók hans, „Rætur málsins“, sem kom út árið 1997.



## Biblían

Biblían er fjársjóður sem við getum alltaf leitað í. Fyrir kristna menn er Jesús Kristur sá sem við horfum til. Í honum og með honum sjáum við hvernig Guð er og til hvers hann ætlast af okkur. Af Jesú getum við ekki aðeins lært hvernig við verjum lífi okkar og hvernig við komum fram við náunga okkar, heldur einnig hvernig á að stjórna og hafa áhrif á samfélag okkar. Dæmi um það er þegar Jesús talar við lærisveina sína og segir: „Þið vitið að þeir sem ráða fyrir þjóðum drottna yfir þeim og höfðingjar láta menn kenna á valdi sínu. En eigi sé svo meðal ykkar heldur sé sá sem mikill vill verða meðal ykkar þjónn ykkar. Og sá sem vill fremstur vera meðal ykkar sé þræll ykkar.“ (Matt. 20:25–27.) Þetta sagði hann í framhaldi af samtali sínu við Sebedeussyni og móður þeirra sem óskaði eftir því að þeim yrðu úthlutuð sæti við hlið Jesú í ríki hans. Þjónandi forysta er þetta kallað á nútímamáli.

Biblían fjallar um líf venjulegs fólks og hvernig það fólk sá lífsreynslu sína í ljósi tengsla sinna við Guð. Þó að bækur Biblíunnar geymi gamla texta og heimsmynd sem þá ríkti og sé mótuð af hugmyndakerfi sem þá var við lýði, þá talar hún til nútímamannsins hverju sinni, enda oft nefnd hið lifandi orð. Það orð varð hold eins og segir í Jóhannesarguðspjalli 1:14: „Og Orðið varð hold, hann bjó með oss, fullur náðar og sannleika ...“

Sem trúarrit hefur Biblían haft mótandi áhrif á einstaklinga. Orð hennar hafa huggað og styrkt, veitt gleði og gefið kraft. Þannig er Biblían mörgum kær.

### Biblían og kirkjan

Orð Biblíunnar hafa mótað kenningu kirkjunnar. Marteininn Lúter, sem kirkja okkar er kennd við, þýddi ekki aðeins Biblíuna á þýska tungu heldur rannsakaði hana út frá kenningu kirkju sinnar og viðhorfi samtíma síns. Rannsókn hans leiddi meðal annars í ljós að hann fann sig knúinn til að mótmæla aflátssölu kirkju sinnar og hengdi 95 greinar þess efnis upp á dyr Hallarkirkjunnar í heimabæ sínum, Wittenberg. Þó að það hafi ekki verið ætlun Lúters að stofna nýja kirkjudeild þá varð sú raunin eins og kunnugt er.

### Hvað er þá maðurinn?

Biblían tekur á flestum þeim málum er varða manninn og líf hans. Nokkur atriði verða hér dregin fram sem ég vil leggja áherslu á í starfi kirkjunnar.

Fólk um víða veröld hefur oftast en ekki leitað fanga og styrks í Biblíunni í baráttu sinni fyrir jöfnum rétti allra. Má þar nefna kvennabaráttuna, jafnréttisbaráttuna, baráttu margra minnihlutahópa. Í Nýja testamentinu kemur fram kristinn mannskilningur sem byggist á því að maðurinn er skapaður í Guðs mynd, eins og segir í 1. Mós. 1:27. Líf hvers einstaklings er gjöf og byggist tilvist mannsins á því að Guð sé til. Maðurinn er skynsemisvera með sjálfsvitund, ábyrgð og gagnrýna hugsun. Það

er siðferðilegt jafnræði manna í milli sem þýðir að allir menn hafa sama gildi. Það felur í sér skyldu hvers manns til að huga að fleirum en sjálfum sér eins og fram kemur í tvöfalda kærleiksboðinu um að elska Guð og náungann eins og sjálfan sig, sbr. Matt. 22:34–40.

### Kvennabíblían

Hin bandaríska Elizabeth Cady Stanton, sem fædd var árið 1815 og lést árið 1902, var menntuð í latínu, grísku og stærðfræði. Hún barðist fyrir auknum réttindum kvenna og hóf að skoða Biblíuna með menntuðum konum sem hún fékk með sér til verksins. Þær áttuðu sig á áhrifavaldi Biblíunnar í lífi fólks en fannst hún hafa verið notuð gegn konum í baráttu þeirra fyrir auknum réttindum. Þær skoðuðu þá texta í Biblíunni þar sem konur koma við sögu sem leiddi til útkomu Kvennabíblíunnar sem kom út í tveimur áföngum, árin 1895 og 1898. Kvennabíblíunni var ekki haldið á lofti lengi vel, ekki fyrr en hópur amerískra kvenna tók sig til og gaf hana aftur út með sínum eigin skýringum árið 1975. Þannig vildu þær draga fram texta um konur, fyrir konur. Þær endurskoðuðu guðfræðilega túlkun þeirra en þær töldu að oft hefði túlkunin verið hlutdræg og ósanngjörn gagnvart konum. Kvennaguðfræðin fékk vægi í guðfræðilegri umræðu en grunnur hennar byggist á því að endurskoða hefðir og skoða texta Biblíunnar út frá femínísku sjónarhorni og benda á mikilvægi kvenna í sögu kristninnar, kirkjunnar og menningarinnar.

Elizabeth skrifaði í Kvennabíblíunni athugasemdir

við texta Biblíunnar, eins og t.d. texta Mósebókar þar sem hún gagnrýndi mjög undirgefni konunnar gagnvart karlinum og lagði áherslu á að karl og kona væru jöfn frammi fyrir Guði. Hún fjallaði um að hver og ein manneskja væri sköpuð í Guðs mynd („Imago Dei“), mynd móður og föður, og hver og ein manneskja væri því dýrmæt í augum Guðs.

### Biblían og kvennaguðfræðin

Þau sem aðhyllast kvennaguðfræði leggja áherslu á Orð Biblíunnar og að í henni sé fjallað um líf venjulegs fólks og reynslu þeirra af þeirri lífssýn að Guð sé með okkur á lífsins göngu. Í Biblíunni er enda að finna allt það sem manneskjan glímir við þó að umgjörð frásagnanna sé mótuð af þeim hugmyndum sem voru til staðar þegar þær voru skrifaðar. Biblían er full af sögum sem segja frá lífi fólks og tengslum þess við Guð og menn. Með því að lesa hana með augum trúarinnar finnum við styrkinn sem þar er tjáður af reynslu kynslóðanna af tengslum sínum við skaparann, frelsarann og heilagan anda. Við lestur hennar er til dæmis ekki hægt að finna annað en að karlar og konur hafi sama hlutverk gagnvart sköpunarverkinu. Í henni er ekki að finna feðraveldið sem svo mjög hefur mótað sögu mannkynsins og kirkjunnar í heiminum. Í 1. Mósebók kemur fram að karlar og konur hafa sömu stöðu:

Og Guð skapaði manninn eftir sinni mynd. Hann skapaði hann eftir Guðs mynd. Hann skapaði þau karl og konu.

Guð blessaði þau. Og Guð sagði við þau: „Verið frjósöm, fjölgið ykkur og fyllið jörðina, gerið ykkur hana undirgefna og ríkið yfir fiskum sjávarins og fuglum himinsins og öllum dýrum sem hrærast á jörðinni.“ Og Guð sagði: „Nú gef ég ykkur allar sáðjurtir jarðarinnar og öll aldintré sem bera ávöxt með fræi. Þau skulu vera ykkur til fæðu. (1. Mós. 1:27–28.)

Einnig má minna á orð Páls í Galatabréfinu um jafnan rétt allra til lífs og starfa: „Hér er hvorki Gyðingur né annarrar þjóðar maður, þræll né frjáls, karl né kona. Þið eruð öll eitt í Kristi Jesú.“ (Gal. 3:28.)

### Biblían í ljósi femínískra sjónarmiða

Kvennaguðfræðin leggur áherslu á að skoða Biblíuna í nýju ljósi þar sem ný þekking í ljósi femínískra áherslna er lögð til grundvallar. Breyting á aldagamalli hugmynd um mismun milli kynjanna komu með Jesú sem breytti stöðu konunnar. Hann boðaði jöfnuð, að allir væru jafnir frammi fyrir Guði. Kvennaguðfræðingar segja að Jesús boði nýjan lífsstíl. Sá lífsstíll byggist ekki á völdum heldur á gagnkvæmum kærleika og vináttu. Í guðspjöllunum má sjá að fyrirmynd okkar og leiðtogi, Jesús Kristur, talaði aldrei niður til kvenna heldur umgekkst þær sem jafningja. Dæmi um það eru frásagnir af systrunum Mörtu og Maríu í 10. kafla Lúkasarguðspjalls. Hann talaði um guðfræði við konur eins og sjá má af samtali hans við Mörtu í 11. kafla Jóhannesarguðspjalls.

En kvennaguðfræðin skoðar ekki aðeins texta Biblíunnar heldur fjallar hún einnig um líf kvenna, sjálfsmynd þeirra, sögu þeirra og hugmyndir, og tengir reynslu þeirra af trúnni á Guð. Reynsluheimur kvenna skiptir máli í túlkun textanna og nærvera Guðs er áþreifanleg. Kvennaguðfræðingar telja að guðsmynd feðraveldisins hafi haft mikil áhrif á sjálfsmynd kvenna í tímans rás og átt mikinn þátt í því að litið var og er jafnvel enn á konur sem lægra settar en karla í samfélaginu. Í mörgum þjóðfélögum er þetta enn raunin eins og við erum minnt á þegar talað er um að valdefla konur. Með því að valdefla konur til að taka stjórn á eigin lífi sé þeim best hjálpað til sjálfstæðis og jafnréttis. Sjálfsmynd kvenna hefur líka áhrif á Guðsmynd þeirra. Í Kvennakirkjunni, sem er hreyfing innan þjóðkirkjunnar, er talað um Guð sem vinkonu sem sé góð, mild og myndug.

Konur koma mjög við sögu í frásögum guðspjallanna. Fyrstu vottar uppreisunnar voru konur sem fóru og sögðu frá reynslu sinni. Í Postulasögunni er sagt frá því þegar Páll fékk vitrun um að fara til Evrópu og boða kristna trú. Fór hann til Makedóníu og fyrsta kristna manneskjan í Evrópu var kona, Lydía að nafni, sbr. Post. 16:9–15.

## Biblían og nútíminn

Í Biblíunni er grunnur þess sem kristin kirkja boðar. Þar er að finna þau viðmið sem hver kynslóð leggur áherslu á í samtíma sínum. Nú um stundir eru umhverfismál og mannréttindamál ofarlega á baugi en aldrei má sofna á verðinum hvað mörg önnur mál varðar sem hafa með lífið að gera og samskipti manna í milli.

### Biblían og umhverfismálin

Í fyrsta riti Biblíunnar, 1. Mósebók, er sköpunarsagan skráð. Vers 26–29 í 1. kaflanum hafa verið túlkuð sem svo að maðurinn væri ráðsmaður yfir sköpuninni, samverkamaður Guðs í viðhaldi sköpunarinnar. Í því hlutverki hefur hann ekki staðið sig mjög vel því gæðum jarðar er ekki bara misskipt heldur einnig eytt með óhóflegri eyðslu og mengun jarðar. Kirkjuþing samþykkti umhverfisstefnu árið 2009 og hefti var gefið út til að hjálpa söfnuðum að vinna eftir þessari stefnu, *Ljósaskrefið*, sem er handbók þjóðkirkjunnar fyrir umhverfisstarf í söfnuðum.

### Umhverfismálin

Frá árinu 2017 hefur þjóðkirkjan í auknum mæli beint sjónum sínum að umhverfismálum og er tímaskeiðið frá 1. september til 4. október ár hvert helgað sköpunarverkinu. Kristnar kirkjur víða um heim gera slíkt hið

sama og lyfta upp þessu nauðsynjamáli til áframhaldandi lífs á jörðinni og nefna fyrirnefnt tímасkeið *Season of Creation*. Markmiðið er að umhverfisstarfið tvinnist inn í daglega starfsemi. Söfnuðir þjóðkirkjunnar eru hvattir til athafna í umhverfismálum þannig að þeir vinni að því að verða grænir söfnuðir.

Ég setti umhverfismálin sérstaklega á dagskrá í þjóðkirkjunni árið 2017 og ákvað að feta í fótspor margra kirkjudeilda um heim allan og taka þátt í tímabili sköpunarverksins, sem áður er nefnt. Heimsbyggðin skynjar nú sem aldrei fyrr nauðsyn þess að hlúa að jörðinni og sérstaklega því að snúa við og draga úr ofhlýnun jarðarinnar. Næstu 5–10 ár munu skipta sköpum um það hvort mannkyn nái markmiðum Parísarsamkomulagsins, svo að hlýnunin fari ekki yfir 2°C. Gerist það ekki verða afleiðingarnar skelfilegar fyrir mannkynið og lífríkið allt. Nú þurfa orð að verða að verkum og þar getur kirkjan skipt sköpum.

Í Gamla testamentinu, sem og í guðspjöllunum og öðrum ritum Nýja testamentisins, kemur fram hvernig Guð leiðir mannkyn til lausnar, frelsis og upprisu í samræmi við fyrirætlun sína, þ.e. í samhljóman við Guðs *kairos*, náðartíð hér í heimi. Í því samhengi er stund sannleikans í umhverfismálum að renna upp.

Unga fólkíð í kirkjunni og umhverfismálin

Unga fólkíð í kirkjunni er með puttann á púlsinum og brýnir okkur fullorðna fólkíð í umhverfismálunum. Á kirkjuþingi þeirra var samþykkt tillaga um að bætt



verði við umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar að „einnota plastmálum verði útrýmt úr safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árið 2019“. Þessu atriði var bætt inn í umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar á kirkjuþinginu. Kirkjuþing unga fólksins hvatti einnig umhverfisnefnd biskupsstofu að brýna fyrir söfnuðum kirkjunnar að hætta notkun einnota plastmála þegar í stað og hvetja söfnuði einnig að draga úr notkun annarra einnota umbúða með það að markmiði að útrýma notkun einnota plastmála úr safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árið 2020. Nú eru plastmálin horfin úr safnaðarheimilunum og fjölnota mál komin í hillurnar.

### Umhverfisstefnan

Í umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar sem samþykkt var á kirkjuþingi árið 2017 stendur m.a.:

Vísindin hafa fært sönnur á að mannkynið stendur frammi fyrir loftslagsvá sem ógnar lífríki og vistkerfum jarðar og teflir hlutskipti komandi kynslóða í tvísýnu. Fátækt fólk á jaðarsvæðum, frumbyggjar á pólsvæðum og íbúar strandbyggða og lálendra eyja glíma þegar við afleiðingar loftslagsbreytinga. Takist ekki á næstu áratugum að koma fram þeirri umbreytingu sem Parísarsamkomulag kallaði á árið 2015, blasa við hamfarir um heim allan. Þessi vandi er siðferðilegt málefni sem varðar alla.\*

\* [kirkjan.is/library/Files/Stefnur/Umhverfisstefna\\_þjóðkirkjunnar.pdf](http://kirkjan.is/library/Files/Stefnur/Umhverfisstefna_þjóðkirkjunnar.pdf).

Breytt háttalag náttúrunnar sýnir svo ekki verður um villst að hamfarirnar hafa nú þegar orðið að veruleika. Fréttir af úrhelli og skógareldum eru orðnar tíðar og eru orsakir þess raktar til hlýnunar vegna loftslagsbreytinganna.

### Kirkjan, Biblían og umhverfismálin

Kirkjur heimsins hafa fjallað um umhverfisvernd og náttúruvernd um nokkurra áratuga skeið. Kirkjurnar telja að þær geti lagt gott til málanna og eigi að gera það vegna þess að vandinn er siðferðilegur. Trúin og guðfræðin tala inn í allar aðstæður sem maðurinn glímir við.

Þegar fjallað er um umhverfismál og náttúruvernd á forsendum kirkjunnar byggist sú umfjöllun, eins og önnur kirkjunnar mál á því sem Biblían segir. Í sköpunarsögunni í 1. kafla í 1. Mósebók, 28. versu, segir í íslenskri þýðingu um hlutverk mannsins gagnvart sköpuninni: „... gerið ykkur hana undirgefna og ríkið yfir fiskum sjávarins ...“ Í 2. kaflanum segir: „Þá tók Drottinn Guð manninn og setti hann í aldingarðinn Eden til að yrkja hann og gæta hans.“ (1. Mós. 2:15.)

Sú 19. aldar guðfræði að upphefja manninn á kostnað náttúrunnar er ekki lengur við lýði. Það að maðurinn sé skapaður í Guðs mynd og sagt að gera sér jörðina undirgefna þýðir ekki það að hann eigi að drottna yfir sköpunarverkinu heldur á hann að vera þjónn Guðs og eins og segir í 2. kaflanum á hann að yrkja og gæta. Það er gömul saga og ný að maðurinn vill vera herra en ekki þjónn eins og sagan um Adam og Evu túlkar. Hann vill

vera líkur Guði, ef ekki Guð sjálfur, í stað þess að vera ráðsmaður í garði Guðs og hafa það hlutverk að vernda og varðveita, þar sem markmiðið er hagur heildarinnar. Siðferðilegar skyldur kristins manns felast í kærleiksboðskap Jesú og þar er náttúran ekki undanskilin. Hebreska orðið *shalom* lýsir jafnvægi, friði og samhljómi manna í millum, sem og í náttúrunni og umhverfinu öllu. Það er vert að hafa það í huga í umgengni okkar við náttúruna.

### Ný nálgun

Mönnum hefur orðið ljóst á síðustu áratugum að röt-tækt endurmat á gildi og kröfum kristinnar ráðsmennsku verður að fara fram. Það er ekki nóg að huga að þeim siðferðilega vanda sem við blasir heldur verður einnig að horfast í augu við að aðgerða er þörf. Breytt hugsun og hegðun verður að eiga sér stað til að hægt sé að takast á við röt vandans sem hlýst af loftlagsbreytingunum í kjölfar hlýnunar jarðar af mannavöldum. Umhverfisstarfið sem söfnuðir þjóðkirkjunnar eru hvattir til að taka þátt í er nefnt Græna kirkjan. Til að geta kallast grænn söfnuður þurfa sóknarkirkjurnar að uppfylla 25 atriði áður en þær fá viðurkenningu og vottun sem grænn söfnuður. Nú þegar hafa nokkrir söfnuðir náð því marki að verða grænn söfnuður og enn fleiri eru á þeirri leið.

### Græna kirkjan

Græna kirkjan vill benda á að loftslagsbreytingarnar eru tengdar neyslu fólks og háttarlagi. Beint eða óbeint leiða

vandamálin sem hlýnun jarðar kallar fram, til misnotkunar, óréttlætis og ójafnaðar í afstöðu til Guðs og manns. Kirkjan getur talað inn í þessar aðstæður og lagt sitt af mörkum í glímunni við vandann, vakið von og kallað til ábyrgðar og aðgerða.

Græna kirkjan er því verkefni allrar kirkjunnar.

### Þjóðkirkjan og aðrar kirkjudeildir

Kirkjuþing samþykkti umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar og umhverfisstarf í söfnuðum árið 2009. Sú umhverfisstefna sem nú gildir var samþykkt árið 2017. Íslenska þjóðkirkjan er ekki eyland í kirknahafi heimsins. Hún er aðili að Alkirkjuráðinu og Lúterska heimssambandinu og sem slík aðili að stefnumótun þeirra, er lýtur að umhyggju fyrir náttúrunni.

Sama ár og umhverfisstefnan var samþykkt á kirkjuþinginu stóð ég fyrir, ásamt fleirum, fundi Alkirkjuráðsins um réttlátan frið við jörðina. Fulltrúar Alkirkjuráðsins tóku einnig þátt í ráðstefnu norðurslóða (e. *Arctic Circle Assembly*) um umhverfismál, sem og yfirmaður kristnu rétttrúnaðarkirkjunnar í heiminum, Bartólómeus I. pátrarki, sem hefur haft umhverfismál á dagskrá kirkjunnar frá því hann tók við sem leiðtogi hennar fyrir um 30 árum. Hann hefur verið nefndur „græni páfnn“.

## Réttlátur friður við jörðina

Í yfirlýsingunni sem undirrituð var á Þingvöllum við lok ráðstefnunnar um réttlátan frið við jörðina\* segir meðal annars í íslenskri þýðingu:

Guðfræðilegar ástæður þess að kirkjan vill leggja til umræðunnar um loftslagsvandann:

Jörðin og allt sem á henni er tilheyrir Guði (Slm 24.1). Þessi játning auðkennir abrahamísku trúarbrögðin sem og menningarhefðir frumbyggja víða um heim. Heilagur Frans frá Assísí tjáir þetta í lofgjörð sinni til Guðs með þakkarorðum sem hann beinir til „systur okkar, móður jarðar“; en nú „stynur hún“ (Róm 8.22) undan ofbeldinu sem hún er beitt, eins og við erum minnt á í umburðarbréfi Frans páfa, Laudato Si. Engu að síður, líkt og vísað er til í yfirlýsingu Alkirkjuráðsins um vegferð til réttláts friðar (Statement on the Way of Just Peace), væntum við kristnir menn, samkvæmt fyrirheiti Guðs, nýs himins og nýrrar jarðar þar sem réttlæti býr (2Pét 3.13), fullvissir þess að hinn þríeini Guð fullkomni og uppfylli gervalla sköpunina við lok tímanna og líti á réttlæti og frið sem bæði von fyrir framtíðina og gjöf á líðandi stundu.

Eins og hans heilagleiki, samkirkjulegi patriarkinn Bartólómeus I. hefur ritað, á vistvandinn sér andlegar rætur. Arðrán og eyðilegging sköpunarinnar eru afmyndun

\* [kirkjan.is/kirkjan/tru.is/grein/?itemid=6082e8b1-2a11-ea11-810a-005056bc594d](http://kirkjan.is/kirkjan/tru.is/grein/?itemid=6082e8b1-2a11-ea11-810a-005056bc594d).

og brenglun á eigindum kristninnar og engan veginn óhjákvæmileg afleiðing hinnar biblíulegu skipunar um að „fjölga og fylla“ (1Mós 1.22). Með því að saurga og eyðileggja umhverfið sem hverri kynslóð er treyst fyrir sem helgum arfi, er syndgað gegn Guði og náttúrunni. Sjálfbær þróun fær ekki þrifist án andlegra verðmæta og lífvænlegs umhverfis.

Einnig segir í yfirlýsingunni:

Kirkjur og trúarsamfélög hafa engu síður en aðrir samfélagshópar valdið tjóni á lífríkinu. En mannkynssagan sýnir einnig hversu öflug trúarbrögð geta reynst við að glæða lífsviðhorf sem leiða til gjörtækra breytinga á samfélögum, stjórnmálum og menningu. Trúfélög geta verið máttugir aflvakar farsælla breytinga. Samkirkjuhreyfingin og trúarleiðtogar hafa gegnt lykilhlutverki við að halda fram kröfum um sjálfbæra þróun og „loftslagsréttlæti“ bæði á alþjóðavettvangi og í einstökum löndum. Horft er nú til þess að hagnýta umbreytandi kraft trúarinnar til þess að stuðla að þeim félagslegu, efnahagslegu, menningarlegu og atferlisbundnu umskiptum sem sem þörf er á til að bregðast við ógnum loftslagsbreytinga og gera sjálfbærni að raunsönnum veruleika.

### Tímamótafundur

Þessi fundur Alkirkjuráðsins var tímamótafundur fyrir umhverfisstarf þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjan hafði tekið þátt í ráðstefnu norðurslóðanna frá árinu 2013 og unnið

að umhverfismálum innan sinna raða. Þarna fór af stað markvissari vinna í þessum málaflokki sem engum guðfræðingi dylst að er eitt af þeim málum sem kirkjan í heiminum á að leggja lið í baráttunni fyrir lífvænlegum heimi fyrir komandi kynslóðir.

Ráðstefnan var, eins og áður segir helguð réttlátum friði og baráttu gegn þeirri umhverfissvá sem loftslagsbreytingar valda um þessar mundir. Í tengslum við ráðstefnuna var ákveðið að fara þess á leit við skrifstofu Arctic Circle-ráðstefnunnar að innan ramma hennar verði sérstakur dagskrárliður þar sem fjallað yrði um andlegar og trúarlegar, siðferðilegar og heimspekilegar hliðar loftslagsmála í ljósi stefnu Alkirkjuráðsins um réttlátan frið við jörðina.

Það gekk eftir og fulltrúar Alkirkjuráðsins tóku þátt í ráðstefnu norðurslóða og var yfirmaður grísku rétttrúnaðarkirkjunnar, eins og fyrr segir, einn af aðalræðumönnum ráðstefnunnar.

## Umhverfismálin og fleiri

### viðmælendur og samstarfsaðilar

Næsta ár, árið 2018 kallaði ég höfuðbiskupa Norðurlandanna til fundar um umhverfismálin. Í framhaldi af þeim fundi tóku biskuparnir frá Íslandi, Færeyjum, Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi þátt í pallborðsumræðum á Arctic Circle-ráðstefnunni í Hörpu. Og enn var slegið í klárinn og nú í samstarfi við Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins og efnt til ráðstefnu í Skálholti árið 2019 þar sem fjallað var um umhverfismálin. Einnig sat

fundinn fulltrúi frá umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna. Fundarfólk sammæltist um að aðgerða væri þörf ef snúa ætti við þeirri óheillaþróun sem nú ríkir vegna hlýnunar jarðar. Öll þessi ár sem efnt hefur verið til samtals hér á landi með erlendum fulltrúum hafa þeir prédikað í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu í lok veru sinnar hér á landi.

### Heimsráðstefna í Skálholti

Næsta skref í þessari góðu samvinnu innanlands var svo ráðstefna númer tvö í Skálholti árið 2020. Á tímum heimsfaraldurs varð því ekki við komið að fólk gæti hist þar og því var tæknin notuð og voru beinir þátttakendur um 460 frá 60 löndum. Þátttakendur ræddu saman á skjáfundum og þúsundir um heim allan hlýddu á ávörp trúarleiðtoga kristinna, múslima, búddista, gyðinga, hindúa, baháía og fleiri sem stóðu saman um að nauðsynlegt væri að tryggja framgang heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Samstaða þessara fulltrúa trúarsamtaka og lífsskoðunarfélaga um markmiðin var einlæg. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Trú fyrir jörðina – Fjöltrúarlegar aðgerðir“. Hér var um sögulegan viðburð á heimsvísu að ræða. Í ályktun ráðstefnunnar segir meðal annars:

Háttsettir trúarleiðtogar, trúarsamfélög og háskólafolk – sem gera sér grein fyrir hinni þreföldu ógn sem stafar af ójafnrétti, loftslagsbreytingum og minnkaðri líffræðilegri fjölbreytni – hafa tekið sig saman um hnattræn skoðana-



skipti sem haldin voru í hinni sögufrægu dómkirkju í Skálholti til að fjalla um samtök til að efla von, skuldbindingar og aðgerðir.

Við komum saman frá öllum heimshornum til að hlusta á neyðaróp móður jarðar. Trúarlegar stofnanir og trúfélög eiga sér langa sögu af að hlúa að sjálfbærri þróun. Trúarbrögð leggja rækt við gildi eins og samúð, samfélag og umönnun þeirra sem minna mega sín. Við deildum kærleika okkar, samúð og þeirri trú að jörðin sé heilög og að við séum kölluð til að vera verndarar hins heilaga trausts sem falið er í vörslu okkar.

Við sem komum saman í þessum hnattrænu skoðana-skiptum eigum okkur ólíkan bakgrunn og reynslu og við vorum snortin af hnattværrri siðferðisvitund, umhyggju fyrir plánetu okkar og skuldbindingu um að gegna forstuhlutverki. Við komum frá fundinum með þann sameiginlega ásetning að safna liði til verndar náttúr- unni og sameiginlegu heimili okkar og að vinna að til- lögunni um Faith for Earth Coalition (samtökum trúaðra í þágu jarðar) og gera staðfestu okkar að veruleika með aðgerðum.

Þetta gerum við í þeirri fullvissu að trúfélög og samtök sem byggjast á trú geti lagt af mörkum einstakt og brýnt framlag í þágu viðleitni á heimsvísu um umhverfisvernd og endurreisn vistkerfa sem byggir á síauknum árangri af aðgerðum margra trúfélaga í þágu jarðar. Trú og andleg gildi eru drifkraftur í hegðun hvers og eins og valkostur einstaklingsins og móta menningarleg gildi, félagslega aðlögun og virka þátttöku í stjórnmálum. Trúarsamfélög

sem búa yfir viðtæku samskiptakerfi, fylgjendum, menntakerfum og andlegri viðleitni eru mikilvægir samstarfsaðilar við að efla sjálfbæra þróun.

Með því að viðurkenna að þeir tímar hafa komið að ósætti var milli vísinda og trúar þá skuldbindum við okkur að koma á framfæri andlegum skilningi sem byggir á bestu vísindum sem eru tiltæk. Nauðsynlegt er að samræmi og jafnvægi sé milli vísindalegra og andlegrar leitar til að stuðla að þróun mannkyns á þessum viðsjárverðu tímum. Staðbundin, erfðabundin og eðlislæg þekking, viska og andleg viðleitni munu áfram vera ómissandi leiðarljós. Átak þarf til að þróa sameiginlegan og gagnkvæman skilning milli eðlislægrar, trúarlegrar og vísindalegrar þekkingar.

Við höfum djúpan skilning á vísindalegum sönnunum um hnignun umhverfisins, loftslagsbreytingum og minnkadri líffræðilegri fjölbreytni og hve stuttur tími er tiltækur til að ná fram þeirri heildarbreytingu sem þarf til. Trúarsamtök um allan heim eru í einstæðri aðstöðu til að miðla þessum vísindum og að efla trúarsamfélög í því að taka til varna fyrir náttúruna og umhverfislegt réttlæti.

Við eigum eitt sameiginlegt heimili. Heildræn vandamál sem mannkynið stendur frammi fyrir eru tengd saman á órjúfanlegan hátt og þau búa yfir umtalsverðri andlegri breidd. Ef við kunnum að meta hið andlega eðli tilvistar okkar fáum við dýpri skilning á tengslunum bæði við heim náttúrunnar sem mannkynið er líffræðilegur hluti af og við hinn sameiginlega heim mannanna. Mennirnir bera ábyrgð á því að vernda lífræn stoðkerfi til að tryggja sjálf-

bæra mannlega menningu sem er undirstaða bæði félagslegs- og hagræns- varnarfjármagns.

Þeir öfgar nútímans milli auðæfa og örþingðar þurfa að víkja fyrir jafnrétti og réttlæti. Réttlæti í öllum sínum myndum er meginforsenda fyrir varanlegri einingu. Beina þarf fjárfestingum frá atvinnustarfsemi sem eyðir verðmætum og til hagþróunar sem byggir á grænum, sameiginlegum, réttátum og endurnýjandi gildum.\*

## Biblían og mannréttindin

Þjóðkirkjan hefur beitt sér í mannréttindamálum. Biskupsstofa og Hjálparstarf kirkjunnar hafa átt aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands frá stofnun hennar 17. júní árið 1994. Mannréttindaskrifstofan vinnur að framgangi mannréttinda eins og nafnið gefur til kynna.

Samkvæmt orðum sköpunarsögunnar í 1. Mósebók er manneskjan sköpuð í Guðs mynd. Ekki er gerður greinarmunur á fólki eftir lífsafstöðu, kynþætti eða nokkru öðru. Allt fólk er skapað í Guðs mynd sem þýðir að við erum öll mikils virði og berum mannlega reisn sama hvar við fæðumst og hvort sem stjórnvöld fæðingarlandsins viðurkenna mannréttindi eða ekki.

## Mannréttindayfirlýsingin

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 10. desember 1948 er byggð á þessu grundvallarstefi

\* Sjá: [faithfornature.org](http://faithfornature.org).

Bíblíunnar. Þeim ríkjum sem aðild eiga að SP ber að virða yfirlýsinguna og fara eftir henni. Enda segir í inngangsorðum hennar:

... þar sem trú á grundvallarmannréttindi, göfgi og gildi mannsins og jafnrétti kvenna og karla hefur verið staðfest í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og þar sem samtökin hafa einsett sér að stuðla að félagslegum framförum og betri lífskjörum við aukið frelsi, þar sem aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa heitið því að efla, sjálf og í samvinnu við samtökin, almenna virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi í orði og verki, þar sem sameiginlegur skilningur á réttindum þessum og frelsi er forsenda þess að slík fyrirheit verði að veruleika, kunngjörir allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna mannréttindayfirlýsingu þessa sem sameiginlegt markmið allra þjóða og ríkja með það fyrir augum að sérhver einstaklingur og allar stofnanir samfélagsins hafi yfirlýsinguna ávallt í huga og kappkosti, með fræðslu og menntun, að stuðla að virðingu fyrir réttindum þessum og frelsi með framsæknum aðgerðum, heima fyrir og á alþjóðavettvangi, svo að tryggja megi, um heim allan, að ákvæði yfirlýsingarinnar séu viðurkennd og þeim sé framfylgt í raun, bæði meðal þjóða aðildarríkjanna sjálfra og þjóða á yferráðasvæðum þeirra.\*

\* [www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/JafnrettiNu/Mannrettinda\\_ICEHR.pdf](http://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/JafnrettiNu/Mannrettinda_ICEHR.pdf).

## Fólk á flóttu

Stærstu viðfangsefni mannkyns nú um stundir eru mál-  
efni flóttamanna og hlýnun jarðar. Milljónir manna eru  
á flóttu frá heimalandi sínu vegna ófriðar að ýmsu tagi.  
Fólk á flóttu leitar eftir alþjóðlegri vernd hér á landi eins  
og í öðrum ríkjum Evrópu. Sumir hafa fengið hana, aðrir  
ekki. Það þarf ekki að koma á óvart að fjallað er um  
flóttafólk og hælisleitendur í Biblíunni því vandamálið er  
ekki nýtt af nálinni. Í 3. Mósebók segir t.d.: „Þegar landi  
þinn lendir í kröggum og kemst ekki af í samfélaginu  
skaltu veita honum hjálp eins og aðkomumanni eða gesti  
svo að hann haldi lífi ykkar á meðal.“

Í 5. Mósebók segir: „Þú skalt gleðjast á hátíð þinni, þú  
og synir þínir og dætur, þrælar þínir og ambáttir ásamt  
Levítunum, aðkomumönnunum munaðarleysingjum  
og ekkjum sem búa í borgi þinni.“ (16:14.) Við erum  
líka minnt á gestrisnina, t.d. hjá Pétri postula sem segir í  
fyrra bréfi sínu: „Verið gestrisin hvert við annað án þess  
að mögla.“ (4:9.) Og í Hebreabréfinu erum við minnt á  
að gleyma ekki gestrisninni: „Gleymið ekki gestrisninni  
því að vegna hennar hafa sumir hýst engla án þess að  
vita.“ (13:2.) Kærleiksboðskapur Jesú minnir okkur líka  
á að við eigum öll sama rétt til lífs hvar sem við fæðumst  
á jörðinni og okkur ber að elska Guð, hvert annað og  
bera virðingu fyrir sjálfum okkur og öðrum. Í þeim anda  
höfum við tekið á móti fólki sem flúið hefur Úkraínu  
vegna stríðsástandsins og er það vel. Þjóðkirkjan hefur  
lagt fram krafta sína til að búa þeim gríðastað og bjóða

þau velkomin. Það hefur bæði verið í einstaka sóknum og söfnuðum, sem og hjá alþjóðlega söfnuðinum í Breiðholtskirkju í Reykjavík.

### Kirkjan og mannúðin

Það er hlutverk kirkjunnar að hlúa að samfélags- og mannúðarmálum og vera rödd kærleika, virðingar og umburðarlyndis. Kirkjan beitir sér og á að beita sér í þágu þeirra sem standa höllum fæti.

Á kirkjuþing 2019 bárum við biskupar kirkjunnar upp þingsályktun um mótun stefnu þjóðkirkjunnar í málefnum fólks á flóttu, hælisleitenda og innflytjenda. Samþykkt var að skipa þriggja manna starfshóp til að móta stefnuna. Í greinargerð með tillögunni segir:

Prestur innflytjenda hóf störf hjá þjóðkirkjunni í nóvember árið 1996.

Síðustu ár hefur starf hans aukist í takt við fjölgun hælisleitenda til Íslands. Er nú svo komið að hann þjónar hælisleitendum í þremur kirkjum, Háteigskirkju, Breiðholtskirkju og Keflavíkurkirkju. Frá haustdögum 2018 hefur hann haft skrifstofuaðstöðu í Breiðholtskirkju og alþjóðlegur söfnuður er að myndast með reglulegu helgihaldi og auknu safnaðarstarfi, s.s. skírnarfræðslu og safnaðarkvöldum. Árið 2015 fór prestur innflytjenda af stað með reglulegt helgihald og móttöku hælisleitenda í fjórum kirkjum undir nafninu Seekers. Fjórir prestar á höfuðborgarsvæðinu vinna nú náið með presti innflytjenda. Frá 2015 hefur prestur innflytjenda skírt um 60

flóttamenn. Af þeim voru 19 sendir utan en 28 fengu hæli á Íslandi. Þessir 28, ásamt tugum annarra kristinna flóttamanna, eru kjarni þess safnaðar sem er að vaxa í Breiðholtskirkju.

Nefnd á vegum Þjóðkirkjunnar fór utan og kynnti sér málefni fólks á flótta hjá Alkirkjuráðinu og Lúterska heimssambandinu. Þá voru mynduð tengsl við CCME (*The Church's Commission for Migrants in Europe*), sem eru samtök kirkna í Evrópu sem sinna málefnum innflytjenda og fólks á flótta.

Mikilvægt er að starfshópurinn svari þeirri spurningu hvernig best sé að kirkjan taki á móti hælisleitendum og flóttafólki og hvernig kirkjan vill búa að þeim sem koma til landsins, ásamt þeim sem snúist hafa til kristinnar trúar og látið skírast. Einnig kanni hópurinn hvernig megi skipuleggja starf stuðningsaðila og stuðningsfjölskyldna sem aðstoða flóttafólk, ásamt annarri aðstoð.\*

Starfshópurinn skilaði tillögum sínum og á kirkjuþingi 2021–2022 var samþykkt þingsályktun um stefnu Þjóðkirkjunnar í málaflokknum sem byggð er á vinnu starfshópsins.

---

\* [kirkjan.is/library/Files/KirkjuThing/Gerdir-kirkjuThings/Gerdir\\_kirkjuþings\\_2019.pdf](http://kirkjan.is/library/Files/KirkjuThing/Gerdir-kirkjuThings/Gerdir_kirkjuþings_2019.pdf), bls. 56.

## Nauðung og kærleikur

Grein eftir mig birtist í Morgunblaðinu í júní 2016 undir þessari fyrirsögn, nauðung og kærleikur.

Nýverið sótti ég heimsráðstefnu Sameinuðu biblíufélaganna í Bandaríkjunum. Í leiðinni fór ég á safn sem er búgarður, þar sem þrælur bjuggu fyrir um tvö hundruð árum. Þar var stórt hús sem fjölskyldan bjó í og svo minni hús þar sem þrælarnir afrísku bjuggu. Áhugavert var að koma á slíkan búgarð og heyra söguna, ganga um og sjá í huganum fólkið sem þar bjó og starfaði. Hugsa til þess að fólk hafi verið numið brott frá heimilum sínum, flutt nauðugt til annarrar heimsálfu og þvingað til að vinna erfiðisvinnu til að efla hag og ríkidæmi eigenda sinna. Þetta er hluti af sögu mannkyns eitthvað sem við lítum á sem fortíðarmál en ekki málefni nútímans. Þegar ég kom heim lá blaðabunki við útidyrnar. Á forsíðu eins blaðsins blöstu við fyrirsagnirnar: „Átti mig eins og þræl“ og „Flúði vinnumansal en framseldur til baka“. Þegar þessu blaði og öðrum var flett mátti sjá fleiri fréttir af fólki sem hafði verið sent úr landi, ekki til heimalandsins, heldur til þess lands sem það kom frá hingað til lands. Fólki sem hafði dvalist hér á landi svo að mánuðum skipti, jafnvel árum. Einn þeirra sem sendur var nauðugur úr landi ákallaði Jesúm er hann var snúinn niður í Leifsstöð. Slíkar fréttir vekja spurningar.

Viljum við tilheyra samfélagi sem sýnir ekki elsku í verki? Sem auðsýnir ekki mannúð? Sem fer ekki eftir þeim



kristna boðskap að elska náungann eins og okkur sjálf? Okkur varðar nefnilega um náunga okkar.

Þjóðkirkjan hefur í sinni þjónustu prest innflytjenda. Hann hefur undanfarin ár unnið mikið með hælisleitendum. Margir þeirra eru ekki kristinnar trúar. Kirkjan sinnir þeim að sjálfsögðu líka, því að hún hefur orð Jesú um elsku til Guðs, náungans og okkar sjálfra að leiðarljósi. Hún er biðjandi, boðandi og þjónandi.

Þjóðkirkjuprestur innflytjenda og fleiri prestar á höfuðborgarsvæðinu hafa staðið fyrir reglulegum helgistundum á ensku. Sífellt fjölgar í þeim hópi sem þær sækja og þiggja þjónustu kirkjunnar, fræðslu og umhyggju.

Hælisleitendur gefa líka því þeir taka þátt og hjálpa til við ýmis verk sem sinna þarf. Sumir þeirra hafa verið sendir úr landi en fólk sem tekur kristna trú er víða óvelkomið aftur til heimalandsins. Talið er að 11 kristnir einstaklingar séu teknir af lífi á hverri klukkustund í heiminum vegna trúar sinnar. Það er skylda Íslendinga að sýna þann kærleik og þá gestrisni sem kristin trú boðar.

Í fyrirlestri, sem fluttur var á áðurnefndri ráðstefnu, kom fram að frá upphafi kristni hafa um 75 milljónir kristinna verið drepnar vegna trúar sinnar, þar af um 45 milljónir á síðustu öld. Það er ekki bara í löndum þar sem kristnir eru í minnihluta sem fólk lætur lífið vegna trúar sinnar. Ég hvet þau sem um mál hælisleitenda fjalla að líta til kristinna meðbræðra okkar og systra sem hér leita hælís og veita þeim örugga búsetu hér á landi.

Stöndum með meðbræðrum okkar og systur, hverrar trúar eða lífsskoðunar sem þau eru, og látum það ekki um

okkur spyrjast að við sendum fólk út í opinn dauðann. Þurfi lagabreytingu til þá er það Alþingis að vinna það verk. Þurfi breytingu á verklagsreglum, þarf að huga að því í innanríkisráðuneytinu.\*

## Biblían og jafnréttið

Kirkjuþing hefur samþykkt margar stefnur þjóðkirkjunnar í ýmsum málum. Ein þeirra er jafnréttisstefnan sem er uppfærð, ásamt aðgerðaráætlun, á fjögurra ára fresti. Jafnréttisstefnan byggist á kristnum mannskilningi.

## Markmið stefnunnar

Eins og fram kemur í III. kafla jafnréttisstefnunnar er markmið hennar að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum rétti kynja í þjóðkirkjunni og jöfnum möguleikum þeirra til starfa, áhrifa og þjónustu. Síðast var jafnréttisstefnan uppfærð og samþykkt á kirkjuþingi 2021.†

## Tölfræðin

Þetta eru háleit markmið sem hafa ber í huga í öllum ákvörðunum og öllum athöfnum kirkjunnar. Fyrstu árin eftir vígslu fyrstu konunnar voru konur í miklum minnihluta í prestsþjónustu kirkjunnar. Tíu árum síðar, í september árið 1984 voru þær aðeins sex sem tekið höfðu víglu. Upp frá því fór þeim fjölgandi. Eftir 20 ár voru þær 26, eftir þrjátíu ár 59, eftir 40 ár 80. Nú þegar þetta er

\* Sjá: [www.mbl.is/greinasafn/grein/1598336/](http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1598336/).

† [kirkjan.is/library/Files/Stefnur/Jafnréttisstefna\\_þjóðkirkjunnar\\_2021.pdf](http://kirkjan.is/library/Files/Stefnur/Jafnréttisstefna_þjóðkirkjunnar_2021.pdf).

ritað hafa 107 konur hlotið prestvígslu í Þjóðkirkjunni og fjórar að auki þegið vígslu erlendis.

Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir vígðist til prests þann 29. september árið 1974 fyrst kvenna hér á landi. Einnig hafa fjórar íslenskar konur vígst til prests í erlendum kirkjum. Í biskupstíð minni til hausts 2021 hafa 57 prestar vígst (23 karlar og 34 konur) og 16 djáknar. Hlutfall kynja í presta-stétt er 48% konur og 52% karlar. Frá árinu 2009 hefur verið í jafnréttisstefnunni ákvæði um að hlutfall kynja í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum Þjóðkirkjunnar sé að minnsta kosti 40% konur og að minnsta kosti 40% karlar. Það var þó ekki fyrr en á kirkjuþingi 2017 sem ályktað var að jöfn hlutföll kynja skuli ávallt vera í öllum stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum Þjóðkirkjunnar.

### Kirkjan og jafnréttið

Jafnrétti nær yfir fleira en hlutfall tveggja kynja í stjórnnum, nefndum og ráðum. Það varðar líka jöfnuð fólks í milli þegar tækifæri eru annars vegar. Það varðar það hvort kynin hafi jöfn tækifæri til að samræma störf og fjölskyldulíf. Því miður hefur kirkjunni ekki tekist nægjanlega vel að samræma reglur sínar og jafnréttislög landsins þegar um ráðningu í störf er að ræða og á það einna helst við prestsstörfin. Það skýrist ef til vill helst af því að valnefndir prestakalla velja prestinn en biskup ræður í starfið og er bundinn niðurstöðu valnefndar sé farið að öllum reglum við það val. Reglur um ráðningu presta breytast þó nánast á hverju kirkjuþingi og nú eru valnefndir prestakallanna sem velja prestinn en ekki

kjósa. Biskup er þó bundinn af valinu nema ekki hafi verið fylgt reglum kirkjuþings við valið.

### Kirkjan og kynferðisbrot

Árið 1998 voru lögð fram á kirkjuþingi drög að starfsreglum um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð lagði drögin fram en nýkjörinn biskup, Karl Sigurbjörnsson, var forseti ráðsins. Með málinu fylgdi ýtarleg greinargerð sem samin var af nefnd sem kirkjuráð skipaði. Í henni var doktor í guðfræði, lögfræðingur og sálfræðingur. Drögin voru svo samþykkt með smábreytingum og urðu að starfsreglum.

Starfsreglurnar giltu til ársins 2019 en breytingar voru gerðar á þeim í nokkur skipti í millitíðinni. Til dæmis var grein um viðbrögð við meintu kynferðisbroti gagnvart barni bætt við árið 2009 og árið 2010 var skerpt á viðbrögðum vegna brots gegn barni.

Frá árinu 1998 til ársins 2019 tók fagráð við tilkynningum um brot og vann málin út frá þeim reglum sem starfsreglurnar kváðu á um. Í stað þessara starfsreglna eru nú í gildi starfsreglur um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar. Með þessum reglum var fagráðið lagt af og teymi um meðferð vegna ofangreindra brota skipað í staðinn. Í því eiga sæti þrír fulltrúar sem ekki eru starfsfólk þjóðkirkjunnar, lögfræðingur, geðlæknir og félagsráðgjafi, sem öll eru sérfróð um þau mál sem falla undir teymið og starfsreglurnar. Við störf sín skal teymið hafa til hliðsjónar

stefnu þjóðkirkjunnar, þar sem tekin er skýr afstaða gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og öðru ofbeldi, svo og um meðferð kynferðisbrota innan kirkjunnar.

Þjóðkirkjan hefur rúmlega 20 ára reynslu af því að vinna faglega og skipulega að því að uppræta brot af þessu tagi og hefur verið öðrum stofnunum og félögum fyrirmynd um hvernig bregðast skuli við slíkum málum. Reglurnar eru í sífelltri endurskoðun og kirkjuþing hefur bætt þær með tilliti til reynslunnar þegar þurft hefur.

Sjálf hef ég leitast við að bregðast heiðarlega við þeim málum sem upp hafa komið í þessum málaflokki en þau eru viðkvæm og erfið. Málin koma ekki inn á borð biskups nema kvartað sé undan prestum sem eru í ráðningarsambandi við þjóðkirkjuna/biskupsstofu og eru þeir þá settir í leyfi meðan mál þeirra eru til meðferðar hjá fagráði og nú teymi. Fyrir mér er ekki erfitt að trúa fólki sem segist hafa verið beitt áreitni eða ofbeldi en slík mál eru ekki á mínu borði á meðan teymið skoðar málið.

## Trú

Því er oft haldið fram að trú sé einkamál fólks og komi hvorki öðrum né samfélaginu við. Allra síst eigi ríkið að skipta sér af trú fólks eða setja lagalega umgjörð um tilvist og starf trú- og lífsskoðunarfélaga. Því er ég ósammála. Trú er að sönnu einkamál en trú er einnig persónulegt mál. Við tökum oft til orða þannig, privat og persónulega. Það er munur á því sem er privat og því sem er persónulegt. Það sem er privat eða einkamál er það sem við deilum ekki með öðrum. Það sem er persónulegt er þess eðlis að við getum deilt því með öðrum í samtali þannig að það geri þau ríkari sem taka þátt og hlusta. Trúin er ekki privat. Hún er persónuleg. Þessa hugsun sjáum við m.a. hjá Jeremía spámanni: „Vinnið að hagsæld þeirrar borgar sem ég gerði yður útlæga til. Biðjið Drottin fyrir henni því að hennar heill er yðar heill.“ (Jer. 29:7.) Með öðrum orðum eigum við að vera gerendur, ekki aðeins þiggjendur í því samfélagi sem við lifum í. Jakob postuli orðar þetta í bréfi sínu þannig: „Verðið gerendur orðsins og eigi aðeins heyrendur þess, ella svíkið þið sjálf ykkur.“ (Jak. 1:22.) Og einnig: „Eins og líkaminn er dauður án anda, eins er og trúin dauð án verka.“ (Jak. 2:26.)

## Kirkjan

Hvað er kirkja? Það eru margar skilgreiningar á kirkju, eins og við vitum. Gríska orðið *εκκλησία* (ekklesía) er þýtt sem kirkja á íslensku en *εκκλησίασμα* (ekklesíasma), sem er af sama stofni, er söfnuður. Kirkja og söfnuður eru því nátengd hugtök og í Postulasögunni og í bréfum Páls, t.d. Efesusbréfinu, kemur glöggt fram að kirkjan er fólkið sem kemur saman í Jesú nafni. Leiðtogi kirkjunnar er einn, Jesús sjálfur sem Páll segir um í Efesusbréfinu: „Allt hefur hann lagt undir fætur honum og gefið hann kirkjunni sem höfuðið yfir öllu. En kirkjan er líkami hans og fyllist af honum sem sjálfur fyllir allt í öllu.“ (Ef. 1:22.) Við sem leiðum kirkjur heims erum kölluð til að feta í sporin hans, þjóna í hans nafni og biðja um leiðsögn hans í þeirri þjónustu. Jesús er leiðtogi lífs kristins fólks um víða veröld.

### Kirkjuskilningur Lúters

Eins og kunnugt er setti Lúter fram kenningar sem hafa haft mótandi áhrif á kirkjuna sem við hann er kennd. Í bók sinni *Ríki og kirkja* segir dr.dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson að það sem einkenni kirkjuskilning Lúters öðru fremur sé eftirfarandi: „Kirkjan er fyrst og fremst kirkja orðsins og náðar meðalanna og hins almenna prestsdóms. Hún er sýnileg hér í heimi vegna þess að orðið er boðað

og náðarmeðul veitt. Til þess að svo megi verða þarf hún skipulegt helgihald, hún þarf á embættismönnum að halda og stofnun sem tryggir starfsskilyrðin. Hin ósýnilega kirkja er aftur á móti samsett úr þeim sem meðtaka orð og náðarmeðul í trú sér til hjálpræðis. Hinn almenni prestsdómur er ótvíræður vegna skírnarinnar og krefst þess að almennir safnaðarmeðlimir séu virkir í helgihaldi og stjórnun kirkjunnar.“\* Kirkjan er því ekklesía og ekklesíasma.

Hinn almenni prestsdómur gengur út á það að enginn munur sé á fólki, við séum öll jöfn. Skírinn sé hin eina vígsla. „Sá sem stígur upp úr skírnarvatninu, getur hrósað sér af því að vera nú þegar prestur, biskup og páfi,“ sagði Lúter. Allir skírðir eiga að virða meginþætti almenns prestsdóms, sem eru boðun, fyrirgefning og fyrirbæn.

### Hlutverk og erindi kirkjunnar

Kirkjur heims hafa það hlutverk að koma fagnaðarerindi Jesú Krists áfram til samferðafólks og tryggja að það berist áfram til næstu kynslóða. Erindi kirkjunnar er sem sé að segja frá Jesú, læra af honum, líkja eftir honum, biðja til hans, lifa í trú á hann. Spurningin er þá hvernig við komum því erindi til skila og hvar það erindi eigi helst við. Á heimsþingi Alkirkjuráðsins árið 2013 talaði biskup frá Srí Lanka. Hann talaði um guðfræði fórnarlambins og dró fram í dagsljósið reynslu hinna þjáðu

\* Sigurjón Árni Eyjólfsson. *Ríki og kirkja: Uppruni og þróun þjóðkirkjubugtaksins*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2006, bls. 81.



og lagði áherslu á að hlustað væri á reynslu þeirra sem eru á jaðrinum. Rödd þeirra þarf að heyrast í kirkjunni, sagði hann, af því að kirkjan á að vera vettvangur sannleikans, réttlætis, kærleika, sáttargjörðar, endurreisnar, upprisu og friðar. Hann sagði að hin spámannlega rödd kirkjunnar þyrfti að heyrast.

### Samnefnari

Í hinum dreifðu byggðum landsins þar sem fólksfækkun hefur víða orðið og þjónustustigið minnkað sinnir þjóðkirkjan hlutverki sínu sem biðjandi, boðandi og þjónandi. Hún er samnefnari samfélagsins, jafnvel einnig í augum þeirra sem ekki tilheyra henni. Hún stendur með fólki í gleði og sorg og er öllum opin. Ekki hvað síst kemur það í ljós ef eitthvað bjátar á.

### Samstaða kirkna

Síðustu áratuginna, einkum frá lokum síðari heimsstyrjaldar, hafa menn áttað sig á því að samstaða er nauðsynleg til að efla mannlíf og bæta lífsskilyrði. Íslenska þjóðkirkjan á sæti í Alkirkjuráðinu sem er samtök margra kirkjudeilda, og einnig í Lúterska heimssambandinu. Þjóðkirkjan er í sambandi evrópskra kirkna og er þátttakandi í samstarfi lúterskra kirkna á Norðurlöndunum, í Eystrasaltslöndunum og víðar, svo og anglíkönsku kirkjunnar sem kennt er við Porvoo. Allar þessar kirkjur og samtök láta sig heimsmálin varða og boða kærleika Krists í orði og í verki. Íslenska þjóðkirkjan er því ekki eyland. Hún byggir á guðfræði sem á uppruna sinn í helgri bók

og kenningum sem Marteinn Lúter mótaði. Þess vegna verður að líta til þess grundvallar þegar fjallað er um kirkjuleg mál. Kirkjan er ekki fyrirtæki og ekki venjuleg stofnun. Hún er fjöldahreyfing. Hún er trúfélag.

### Rödd kirkjunnar

Þjóðkirkjan er kirkja fólksins. Fólkið sjálft sem tilheyrir þjóðkirkjunni er kirkjan, eða eins og Pétur postuli orðar það í bréfi sínu: „Látið sjálf uppbyggjast sem lifandi steinar í andlegt hús til heilags prestdóms.“ (2. Pét. 2:5a.) Sem kirkja fólksins nýtur hún trausts í nærsamfélaginu. Það er líka sóst eftir álitum kirkjunnar um mikilvæg mál sem til umræðu eru í þjóðfélaginu. Ég tel að rödd kirkjunnar og guðfræðinnar þurfi að heyrast þegar fjallað er um mál sem brenna á samtímanum. Rödd kirkjunnar heyrir ekki aðeins innan fjögurra veggja kirkjuhúsanna heldur í þjóðfélaginu, enda á hún að vera boðberi kærleikans og friðarins. Hún á að vinna að réttlæti og friði. Kirkjan á að standa með þeim sem minna mega sín.

En hver er rödd kirkjunnar? Samkvæmt kirkjuskipan okkar lútersku kirkju er röddin margróma. Í kirkju okkar er ekki einn talsmaður heldur margir. Í okkar kirkju eru leiðtogar í hverjum söfnuði, hverri sókn. Leiðtogi okkar allra er þó hinn sami, Jesús Kristur. Hann er sá sem leiðir okkur um lífsins veg og færir okkur svör við öllum spurningum. Kirkjan er þannig eins og margradda kór með samhljóm sem stjórnað er af leiðtoganum eina og sanna.

Nú á tímum geta allir látið í sér heyra á opinberum vettvangi hvenær sem er. Það er ekki einfalt mál að skilja

á milli persónu sinnar og þjónustu sinnar eða starfs í skrifum sínum. Kirkjunnar þjónn er að mínu mati ekki fullkomlega frjáls af því að setja fram skoðun sína á hvaða máta sem er. Orðfæri verður að vera þannig að ekki sé verið að níða náungann, ljúga upp á hann eða særa. Viðmiðin höfum við í gullnu reglunni (Matt. 7:12) og tvöfalda kærleiksboðorðinu (Matt. 22:37–39). Á þessu tvennu eru siðareglur allra sem starfa í þjóðkirkjunni byggðar.

Leiðsagnar njótum við með lestri Guðs Orðs og þegar við biðjum. Bænasvörin birtast okkur í atvikum lífsins og í og með samtali og samstarfi við annað fólk. Það er afslappandi að treysta því að Guð muni vel fyrir sjá og leiða í gegnum verkefni og í aðstæðum lífsins. Trúin og traustið til Guðs er forsenda þess að reyna bænasvörin og finna að það sem á stundum virðist vera tilviljun var handleiðsla Guðs. Einu sinni átti ég að vera á tveimur stöðum á sama tíma. Ég bað fyrir því að það leystist einhvern veginn. Heimsækir mig þá kona sem sagðist geta farið fyrir mig á annan staðinn og þar með var málið leyst. Ég trúi því að það hafi verið bænasvarið.

### Sókn og söfnuður

Vígðir þjónar kirkjunnar, prestar og djáknar, eru sérstaklega frátekin til þess að miðla boðskapnum, en í raun er það alls kristins fólks að gera það. Flestir prestar landsins þjóna söfnuðum sem til sókna teljast, en sóknin er grunneining þjóðkirkjunnar og þar fer starf kirkjunnar að mestu leyti fram. Nokkrir prestar og djáknar eru í

sérþjónustu þar sem söfnuðurinn er dreifður víða. Þjóðkirkjan starfar um land allt um leið og hún veitir fólki þjónustu sem býr við sérstakar aðstæður. Prestsþjónusta fer ekki hátt en hún er mikilvæg og nauðsynleg. Prestar innflytjenda þjóna t.d. fólki sem leitar hér alþjóðlegrar verndar og gegna þar mikilvægu hlutverki. Sérþjónustuprestar þjóðkirkjunnar þjóna einnig fötluðum, heyrnarlausum, föngum og sjúkum. Prestar þjóna annars vegar landfræðilegum söfnuðum í sóknum landsins og hins vegar félagslegum söfnuðum sem við nefnum sérþjónustu í kirkju okkar.

### Vegferðin

Þegar saga kristinnar kirkju er skoðuð sést að staða hennar hefur verið með ýmsu móti hér í heimi. Nokkrir atburðir og mannanna verk hafa mótað hana, sveigt hana af leið, siðbætt hana og breytt stöðu hennar. Ber þar hæst sá atburður þegar munkurinn Marteinn Lúter mótmælti aflátssölu kirkju sinnar sem leiddi til þess að kirkjudeild sú er við tilheyrum er við hann kennd. Það var árið 1517 og fór sameiginleg bænastund kaþólskra og lúterskra fram í dómkirkjunni í Lundi á siðbótardaginn, 31. október 2016, sem upptakt að viðburðum vegna 500 ára afmælis siðbótarinnar. Í Lundi var lúterska heimsambandið stofnað árið 1947 og er íslenska þjóðkirkjan ein af stofnendum sambandsins sem telur núna 145 kirkjur í 98 löndum.

Á vegferð lútersku kirkjunnar hafa ýmsar ákvarðanir verið teknar sem leitt hafa hana áfram á veginum. Hér á

landi hafði kirkjuskipan Kristjáns III. Danakonungs sem lögtekin var árið 1541 mikil áhrif. Þá hófst þátttaka veraldlega valdsins á stjórn kirkjunnar, en það fyrirkomulag var við lýði í mismunandi myndum þó, til ársins 1997 er Þjóðkirkjan tók við stjórn innri mála sinna. Gert var samkomulag milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar, dags. 10. janúar 1997. Í framhaldi af því voru samþykkt á Alþingi lög um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Með þessari breytingu var kirkjuþingi falið að ákveða skipan innri mála Þjóðkirkjunnar sem áður hafði verið í höndum Alþingis. Árið 2019 var gerður viðbótarsamningur við ríkið og í kjölfarið sett ný Þjóðkirkjulög nr. 77/2021. Með því samkomulagi fékk Þjóðkirkjan enn meira sjálfstæði gagnvart ríkinu sem leggur Þjóðkirkjunni þær skyldur á herðar að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni. Þessi nýju lög breyttu stöðu presta sem eru ekki lengur opinberir starfsmenn heldur starfsmenn Þjóðkirkjunnar og hafa nú í fyrsta sinn samið um kaup og kjör við nýstofnaða kjaranefnd Þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjan og prestar landsins eru því ekki lengur bundin af starfsmannalögum ríkisins og stjórnarsýslulögum ríkisins. Önnur mikilvæg breyting er að nú hefur kirkjuþing fjárstjórnarvaldið í kirkjunni sem kirkjuráð hafði áður.

Í kjölfar þessara breytinga hefur biskupsstofu verið skipt upp í tvær stofur, annars vegar biskupsstofu sem annast mannauðsmál, skjalavörslu, fræðslu- og kær-

leiksþjónustu, hins vegar rekstrarskrifstofu sem sér um fjármál og fasteignir. Kirkjuráð sem sett var á fótt 1931 var lagt niður um áramótin 2021–2022. Í kirkjuráði voru fjórir kjörnir fulltrúar frá kirkjuþingi, tveir prestar og tveir leikmenn. Forseti ráðsins var biskup Íslands. Kirkjuráð var framkvæmdanefnd sem tók við samþykktum málum frá kirkjuþingi og kom þeim í farveg. Einnig bar kirkjuráð ábyrgð á fjármálum og fasteignum þjóðkirkjunnar. Nú hefur biskup og embætti hans enga aðkomu að þessum málum. Kirkjuþing skipaði framkvæmdanefnd sem tók til starfa á sama tíma og kirkjuráð var niður lagt. Í nefndinni eru tveir fulltrúar leikmanna og einn prestur kjörnir af kirkjuþingi. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar. Þessi breyting, að setja biskupsembættið nánast út í horn, gerir biskupi Íslands erfitt fyrir að hafa alla yfirsýn eins og var meðan hann var í kirkjuráðinu. Kirkjuráðið var tengiliður milli kirkjuþings og biskupsembættisins þar sem fulltrúar beggja sátu. Ég tel að nokkur tími muni líða þar til jafnvægi hefur náðst vegna þessara breytinga milli hins veraldlega og hins andlega eins og sumir hafa viljað ná fram með þessum breytingum. Ég tel að aldrei sé hægt að gera svo skörp skil á milli þessara tveggja sviða. Allt sem sýslað er við á biskupsstofu og rekstrarstofu er unnið til þess að gera það mögulegt að þjóðkirkjan sé biðjandi, boðandi og þjónandi kirkja.

## Þjóðkirkjan

Skilgreina má þjóðkirkjuna á nokkra vegu. Hún er félags-  
skapur þeirra sem játa trú á Jesú Krist, krossfestan og  
upprisinn. Hún er stofnun sem lýtur lögum og reglum  
sem sett hafa verið á alþingi og á kirkjuþingi. Hún er  
evangelísk lútersk og tekur mið af þeim hugsunum og  
kenningum sem Marteinn Lúter setti fram fyrir rúmum  
500 árum. Hún er stofnaðili Lúterska heimssambandsins  
(1947); Alkirkjuráðsins (1948); þjóðkirkjan er einnig í  
samtökum evangelískra kirkna í Evrópu, í Kirknaráði  
Evrópu og aðili að Porvoo-kirknasambandinu, eins og  
áður segir. Hlutverk hennar er að boða trú á Jesú Krist  
og vera leiðandi kirkja í samstarfi kristinna trúfélaga hér  
á landi og á samráðsvettvangi trúarbragðanna hérlendis.

## Stjórnarskráin

Þjóðkirkjuhugtakið er fyrst nefnt í stjórnarskránni sem  
staðfest var hér á landi árið 1874. Ákvæði stjórnarskrár-  
innar um vernd og stuðning ríkisvaldsins við þjóðkirkj-  
una er grundvöllur sambands ríkis og kirkju. Það ákvæði  
er enn í gildi, eins og kunnugt er, og samkvæmt þjóðarat-  
kvæðagreiðslunni 2012 vill meirihluti þjóðarinnar að svo  
verði áfram. Hlýtur það að benda til þess að þjóðin vilji  
enn um sinn láta kristin gildi og kristna lífsskoðun ráða  
fyrir í mótun samfélagsins. Á meðan núverandi stjórnar-  
skrá gildir hlýtur sá skilningur að ríkja, að það sé vilja-  
yfirlýsing ríkisins að það vilji standa á kristnum grunni,  
viðurkenni að þjóðmenningin byggist á kristnum verð-

mætum og vilji styðja kirkjuna til áhrifa á fólkið í landinu hvað varðar hugsunarhátt, samskipti og framkomu.

### Hvað er þjóðkirkja?

En hvað merkir það að hin lúterska kirkja okkar sé þjóðkirkja? Það merkir ekki eitthvað eitt. Á seinni hluta síðustu aldar og á þessari öld hefur skráðum meðlimum fækkað í þjóðkirkjunni. Er það í takti við þróunina í löndum Evrópu. Því er spurt hvort kirkjan geti kallað sig þjóðkirkju, kirkju þjóðarinnar ef þessi þróun heldur áfram. Sá skilningur hefur verið útbreiddur og finnst sumum þeim er ekki vilja tilheyra kirkjunni að það geti ekki gengið lengur að ríkisvaldið styðji og verndi þjóðkirkju sem fækkar í ár frá ári. Kirkjan og þjóðin hafa átt samleið um aldir, átt samfylgd á stórum stundum í lífi fólks.

Þjóðkirkjur hafa verið skilgreindar sem þær kirkjur er meirihluti þjóðar tilheyrir. Sú skilgreining heldur ekki mikið lengur ef fram heldur sem horfir. Þjóðkirkjan er í mínum huga kirkja sem er reiðubúin að mæta fólki þar sem það er statt á lífsins vegi, í anda Jesú Krists sem sendi lærisveina sína út í krafti valds síns til að skíra og kenna. Sú kirkja sem biður, boðar og þjónar þeim sem til hennar leita og spyr ekki um trúfélagsaðild. Í lýðfrjálsum landi þar sem trúfrelsi ríkir, sem og frelsi til boðunar og bænaíðkunar, er þjóðkirkjan fyrir fólkið og með fólkinu. Þess vegna hefur hún þéttriðið net um landið allt og skiptir landinu í einingar sem kallast sóknir, þar sem fólki gefst kostur á að tilheyra henni beint sem söfnuður eða óbeint sem íbúi á landsvæðinu.



Þjóðkirkjan þjónar fólki í nærsamfélaginu. Boðar ekki aðeins í orði heldur einnig í verki. Það er kirkja sem er samhljóma þótt raddirnar séu margar. Þá skilgreiningu vil ég nota um þá kirkju sem ég leiði sem biskup.

Hitt er annað mál hvort þjóðkirkjan eigi að fara að hugsa eins og Norðmenn, að taka gjald af þeim sem ekki tilheyra trúfélaginu þegar óskað er eftir þjónustu, því kostnaður við athafnir í sóknarkirkjunum fellur á sóknina sem hefur starfsfólk á sínum vegum sem annast þjónustu í kirkjunni. Þar á ég við t.d. organistana og kirkjuverðina. Sóknargjöldin greiðir fólkið sem tilheyrir þjóðkirkjunni og þau hafa komið kirkjunni upp og annast viðhald hennar. Þjóðkirkjan sem slík á ekki kirkjuhúsin og getur því ekki selt þau eins og stundum kemur til tals í opinberri umræðu.

### Sjálfsmynd

Sjálfsmynd kirkjunnar ætti að vera sterk og hún ætti að hvíla örugg í þeirri vissu að hún er ekki til af sjálfri sér. Og haldi menn að þjóðkirkjan á Íslandi eða kristnar kirkjur heimsins deyi þá mun það ekki gerast NEMA að Drottinn sjálfur vilji að svo verði. Það er ekki í höndum misviturra manna heimsins að ákveða það. Sjálfsmynd þjóðkirkjunnar hefur beðið hnekki undanfarin ár og eru nokkrar ástæður fyrir því. Kirkjunnar þjónar hafa brugðist væntingum fólks, bæði sem leiðtogar og manneskjur. Umræðan um þjóðkirkjuna hefur oft verið byggð á veikum grunni þekkingar og ekki hefur verið kafað djúpt í öflun upplýsinga. Umræðan hefur því oft

verið óvæginn. Þegar barið er á einstaklingi, andlega eða líkamlega, er líklegra en ekki að sjálfsmyndin brotni og einstaklingurinn fari að efast um eigið ágæti. Hið sama á við um kirkjuna. Þjónar hennar og þau sem henni unna hafa tekið nærri sér ýmislegt sem upp hefur komið og um hefur verið rætt. Það vitum við líka sem búíð höfum í landshlutum þar sem fólki fækkar að það fylgir því visst sorgarferli þegar nágrannarnir flytjast á brott og fólki fækkar í byggðunum. Hið sama á við í þjóðkirkjunni. Fækkun meðlima þjóðkirkjunnar reynist mörgum erfið.

Að mínum dómi hefur sjálfsmynd kirkjunnar styrkst undanfarin ár. Það góða starf sem unnið er í söfnuðum landsins ásamt aukinni menntun og samstarfi presta og annars starfsfólks hefur gefið meiri kraft og gleði sem skilar sér í faglegri þjónustu og sterkari sjálfsmynd.

### Háskólamenntað fólk

Prestar þjóðkirkjunnar eru háskólamenntað fólk sem býr og starfar um allt land. Mikill mannauður kemur saman í þeim góða hópi sem leggur sig fram um að miðla þeim góða boðskap sem er í fagnaðarerindi Jesú Krists. Það hefur reynt mjög á alla presta og annað starfsfólk kirkjunnar í heimsfaraldrinum, því að þótt ekki hafi reynst unnt að halda uppi helgihaldi eins og vera ber voru fundnar nýjar leiðir, til dæmis með því að streyma stundum á veraldarvefnum. Fyrir það ber að þakka.

Ein er sú stétt innan kirkjunnar sem ekki hefur fengið nógu traustan grundvöll í skipulagi þjóðkirkjunnar. Það eru djákarnir, en þau eru líka háskólamenntað fólk sem

oftar en ekki hefur aðra menntun og reynslu, til dæmis við hjúkrun eða kennslu. Það er nauðsynlegt að finna djáknunum stað í heildarskipulagi þjóðkirkjunnar því að djáknar eru mikilvægir í kærleiksþjónustu kirkjunnar.

Auk þess starfar í kirkjum landsins fleira fólk sem menntað er í tónlist eða öðrum listgreinum eða fögum. Það er því mikill mannauður í kirkjunni og honum fær fólk að kynnast þegar það sækir kirkju eða þjónustu hennar. Oft hef ég orðið vör við að fólk gerir sér ekki almennt grein fyrir því sem kirkjunnar fólk leggur af mörkum til að bæta mannlífið. Þá fyrst er eitthvað bjátar á leitir fólk til kirkjunnar og oft er það svo að undrunin er mikil þegar allt er til staðar og allir til þjónustu reiðubúnir. Ferlið er skipulagt og samvinna þeirra sem að koma er samkvæmt settum reglum. Þeim sem elska kirkjuna finnst oft að við sem stýrum henni komum ekki nægilega vel til skila öllu því góða starfi sem unnið er í kirkjunni. Það er bæði rétt og rangt. Þau eru mörg sem eru dugleg að koma á framfæri því sem gert er en mest allt starf kirkjunnar fer fram í sóknum landsins, í söfnuðunum.

### Kirkjan og ríkið

„Það er upphaf laga vorra, að allir menn skulu kristnir vera á landi hér og trúa á einn Guð, föður, son og helgan anda,“ segir í Íslendingabók. Samkvæmt þessu byggðu lög landsins á kristinni trú. Lögin mótuðu þjóðfélagið, nánast frá upphafi byggðar á Íslandi, eða frá árinu 1000. Samkvæmt 62. grein stjórnarskrárinnar skal hin evangel-

íska lúterska kirkja vera þjóðkirkja á Íslandi. Evangelísk kirkja er sú kirkja sem lýtur valdi fagnaðarerindisins og lútersk er sú kirkja sem túlkar fagnaðarerindið samkvæmt lúterskri guðfræði og trúarhefð, en játningarritin fimm, Postullega trúarjåtningin, Nikeujátningin, Aþanasíusarjåtningin, Ágsborgarjåtningin og Fræði Lúters hin minni, eru bindandi um kenningu hennar.

Sérlög gilda um þjóðkirkjuna eins og fram hefur komið hér að framan en önnur lög um önnur trú- og lífs-skodunarfélög. Lögjafinn vill því hafa eitthvað meira að segja um skipan þeirrar kirkju sem ríkisvaldinu ber að styðja og vernda samkvæmt stjórnarskránni.

Samband ríkis og kirkju byggist á 62. grein stjórnarskrár landsins. Ákvæði þessarar stjórnarskrárgreinar á rætur að rekja til 3. gr. dönsku grundvallarlaganna frá 1849. Litið var svo á að evangelíska lúterska kirkjan væri aðgreinanleg frá ríkisvaldinu og þar með sjálfstæðari gagnvart því en ríkiskirkja fyrri alda hafði verið.

Samband þjóðar og kirkju byggist á samfylgd kirkjunnar og þjóðarinnar þar sem snertifletirnir eru oftar en ekki athafnir kirkjunnar, skírn, ferming, hjónavígsla og útför, sem og önnur þjónusta kirkjunnar við fólkíð í landinu, einstaklinga og samfélag. Kirkjan og þjóðin hafa átt samleið í meira en eitt þúsund ár og lúterska kirkjan og þjóðin frá árinu 1550. Þetta er samhengið sem menn verða að gæta að þegar fjallað er um stöðu kirkjunnar í samfélaginu.

## Samband þjóðar og kirkju

Þjóð og kirkja hafa átt samleið í þúsund ár og rúmlega það. Þjóðkirkjan hefur haft kjörorðin *biðjandi*, *boðandi*, *þjónandi*. Það felur í sér að af kirkjunnar hálfu er enginn greinarmunur gerður varðandi hverjum er beðið fyrir og þjónað. Þjóðkirkjan þjónar þeim sem til hennar leita óháð trúfélagsaðild. Hún hefur líka frelsi til að boða og við þeim boðskap taka þau sem vilja. Boðskapnum er ekki þvingað upp á neinn sem ekki vill heyra hann eða meðtaka. Þannig sýnir kirkjan þjóðinni að henni er ekki sama um þau sem hér búa. Hún ber virðingu fyrir lífsskoðunum fólks og fagnar því þegar hún finnur að almenningur treystir henni fyrir samleið á stórum stundum lífsins. Það er meira virði í því að eiga samleið með þjóðinni en að vera í sérstökum tengslum við ríkisvaldið. Hið síðarnefnda er lagatæknilegt atriði en hið fyrrnefnda snertir mennskuna og það hver við erum sem einstaklingar og þjóð.

## Sjálfstæð kirkja

Í nýjum þjóðkirkjulögum sem samþykkt voru á Alþingi 13. júní 2021 er gengið enn lengra í þá átt að auka sjálfstæði þjóðkirkjunnar þótt lögin frá 1997 hafi einmitt verið sett til að fela kirkjunni öll sín innri mál án íhlutunar löggjafans. Í 62. gr. stjórnarskrárinnar er ekki skilgreint með hvaða hætti ríkisvaldið skuli styðja og vernda þjóðkirkjuna heldur er það eftirlátið löggjafarvaldinu að ákvarða um það. Líta má svo á að setning laga

um þjóðkirkjuna sé hluti þess stuðnings enda skýra þau stöðu kirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu og setja ramma um starfsemi hennar.

### Aðskilnaður ríkis og kirkju

Ljóst er að frá upphafi þjóðkirkju á Íslandi, þ.e. frá samþykkt stjórnarskrárinnar árið 1874, hefur verið litið svo á að þjóðkirkjan sé ekki ríkiskirkja heldur þjóðkirkja, aðgreind frá ríkisvaldinu. Skref hafa verið stigin í þá átt að gera þjóðkirkjuna sjálfstæðari um sín innri mál og er viðbótarsamningur um endurskoðun á samkomulagi því sem íslenska ríkið og þjóðkirkjan gerðu með sér um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar þann 10. janúar 1997, frekara skref í þá átt. Var hann samþykktur á kirkjuþingi í september 2019. Slíkur samningur hefur þó ekki með samband ríkis og kirkju að gera því hann nær til fjárhagslegra samskipta ríkis og kirkju en samband þeirra byggist á stjórnarskránni. Minna má þó á að endurskoðunarákvæði er á þessum samningi eins og samkomulaginu, og kirkjunnar fólk verður að vinna ötullega að því næstu árin að ákveða hvert skal stefna að 15 árum liðnum. Það er ekki rétt sem haldið hefur verið á lofti að aðskilnaður hafi ekki átt sér stað milli ríkis og kirkju. Sú umræða hefur staðið í rúma eina öld og mikilvægum áföngum verið náð á vegferðinni með lagasetningu um kirkjuna 1997 og 2021.

## Fækkun skírna

Skírnum fækkar í löndum hins vestræna heims. Það á einnig við hér á landi. Það hefur áhrif á kirkju og samfélag til lengri tíma litið. Sé barn skírt ber foreldrum og forráðamönnum að ala barnið upp í kristinni trú og lífsviðhorfum. Fækkun skírna hefur því ekki aðeins áhrif á fjölda þeirra sem þjóðkirkjunni tilheyra heldur einnig á siðferðileg viðmið samfélagsins og hugmyndir þegnanna um samfélagslegan grunn og viðhorf.

Á tímum örra samfélagsbreytinga og aukinnar velmegunar er auðvelt að missa sjónar á því sem augað ekki sér. Samt er það svo að nútímamaðurinn þráir andlega vídd í líf sitt. Þess eru merki víða og tilboð mörg um leitina inn á við. Kirkjurnar í hinum vestræna heimi standa enn föstum fótum á grundvelli fagnaðarerindisins sem þeim er ætlað að flytja en eru að leita og læra að fóta sig í breyttum heimi. Breytingarnar eru fjölbættar svo sem vegna veraldarvæðingar, fjölmenningar og þeirrar stafrænu tækni sem eykur möguleika til samtals og samstarfs og gegnsærrí ákvarðanatöku. Hinar lútersku kirkjur hvíla einnig á þeim grunni sem Martein Lúter byggði með siðbót sinni sem í raun er sístæð. Hún verður alltaf að vera á verði gagnvart því að standa föst á því erindi sem henni er ætlað að boða. Verkefni hennar er einnig að takast á við fækkun meðlima hennar og fækkun þeirra sem skírast. Það er kirkjunni nauðsynlegt að iðka guðfræðina og taka meira tillit til stefnu

og strauuma innan hennar þegar löggjöf er mótuð fyrir hana. Þannig verður til ný hugsun sem er forsenda allra breytinga og ákvarðana. Það er fagnaðarefni að sífellt fleiri prestar þjóðkirkjunnar bæta við sig menntun og miðla henni.

### Skírnin og lífssamhengið

Kirkjan skírir samkvæmt boði Jesú sjálfs eins og lesa má í skírnarskipuninni í Matteusarguðspjalli 28:18–20. Fyrirmynd athafnarinnar er frásaga sama guðspjallamanns (3:13–17) af því þegar Jóhannes skírði Jesú.

Skírn er ekki bara hefð. Skírnin er gjöf, þar sem skírnarþeginn mætir kærleika Guðs. Sú tenging milli Guðs og manns/barns sem verður í skírninni rofnar aldrei. Hún er eilíf og við skírnina er nafnið ritað í lífsins bók. Í skírninni lofar Guð því að standa með okkur og yfirgefa okkur ekki, hvort sem lífið leikur við okkur eða reynist okkur mótdrægt. Á nóttu sem degi erum við vafin í náð Guðs. Þetta þarf að kenna hinu skírða barni og ala það upp í ljósi fyrirheits skírnarinnar. Í skírninni erum við leidd inn í samfélag kirkjunnar, því að það að vera skírð/ur merkir að við tilheyrum Kristi ásamt öllum skírðum, erum limir á sama líkama, eins og Páll kemst að orði í bréfum sínum, t.d. Róm. 12:4–5. Í Efesusbréfinu 1:23 segir Páll: „En kirkjan er líkami hans og fyllist af honum sem sjálfur fyllir allt í öllu.“

Nokkuð ljóst má vera að til þess að höfða til lífskoðunar fólks verður þjóðkirkjan að leggja sig enn



frekar fram um að ná til æskulýðsins og foreldra hans. Ég ber þá von í brjósti að umræðan um barna- og æskulýðsstarfið innan kirkjunnar og hugmyndir um það skili sér í auknu starfi meðal barna og unglunga.

## Kærleikspjónusta kirkjunnar

Orðið díakonía er þýtt með orðinu kærleikspjónusta á íslensku. Lúterska heimssambandið gaf út rit til að auka skilning á díakoníu og hlutverki hennar sem nefnist í íslenskri þýðingu *Þjónusta í síbreytilegu sambengi – Að umbreyta, sætta, efla*.<sup>\*</sup> Þar lýsir þáverandi aðalritari Lúterska heimssambandsins díakoníu sem kjarnanum í kirkjunni og að þar sé „miðjan í skilningi hvers söfnuðar á sjálfum sér. Þjónustan – díakonían – sameinar kirkjuna og því er aldrei unnt að fela hana eingöngu sérhæfðum stofnunum eða sérfræðingum.“ (Bls. 5.) Biblíulegur grundvöllur kærleikspjónustunnar birtist m.a. í sögunni um miskunnsama Samverjann (Lúk. 10:25–37) og þjónshlutverki Krists (Matt. 20:28; Jóh. 13:4–17). Kærleikspjónustan horfir til orða Jesú í Matt. 25:40: „Allt sem þér gjörðuð einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gjört mér.“

Það er miður að í þjóðkirkjunni skuli ekki hafa tekist að koma djáknastöðum inn í heildarskipan þjónustu kirkjunnar. Djáknar eru flestir ráðnir af söfnuðunum en ekki þjóðkirkjunni sem slíkri eins og prestarnir. Þess vegna er það undir sóknunum komið hvort þeir hafi vilja og efni á að ráða djákna til þjónustu í söfnuðunum. Þar

<sup>\*</sup> [kirkjan.is/library/Samnyttar-myndir/Skrar/Diakonia-in-Context.pdf](http://kirkjan.is/library/Samnyttar-myndir/Skrar/Diakonia-in-Context.pdf).

sem sóknargjöld hafa verið skert mjög og fólki fækkar í kirkjunni hefur fjárhagur sóknanna verið bágborinn síðastliðin ár og því hefur starfið í sóknunum litast af því að ekki er hægt að ráða fagfólk til starfa. Í sameiningu þurfum við að reyna að finna lausn á þessu af því að djáknar eru dýrmætt starfsfólk sem vinnur við hlið prestsins og annarra starfsmanna að því að efla kjarnaþjónustuna í kirkjunni sem er kærleiksþjónustan.

### Hjálparstarfið

Við sem fylgjum Kristi eigum að styrkja allt sem þjónar lífinu og stuðlar að framgangi þess. Þess vegna leitast kristin kirkja við að styðja þau málefni sem þarfnast krafta hennar. Þjóðkirkjan lætur sig þjóðfélagsmál varða. Hjálparstarfið hefur stutt einstaklinga og fjölskyldur í hálfá öld, veitt neyðaraðstoð og veitt þróunaraðstoð í fátækum löndum Afríku. Aðstoð innanlands er veitt og ný, faglegrí og valdeflandi aðferðafræði hefur orðið öðrum til eftirbreytni. Kristur er fyrirmynd okkar og frelsari. Í nafni hans og í anda hans leitast kirkjan við að finna leiðir til að halda utan um þau fjölmörgu sem kvíða framtíðinni á tímum mótlætis í lífinu af völdum heimsfaraldurs, atvinnuleysis, sjúkdóma eða annars sem steðjar að. Kjörorð Hjálparstarfsins, enginn getur hjálpað öllum en allir geta hjálpað einhverjum, minna okkur á að við getum öll lagt eitthvað af mörkum til að bæta líf hvert annars.

## Skjólíð

Í aprílmánuði árið 2016 vorum við biskupsstofufólk í kynnis- og fræðsluferð í Boston. Við heimsóttum meðal annars University Lutheran Church þar sem prestur og starfsmaður safnaðarins kynntu fyrir okkur starf safnaðarins á meðal stúdenta og kennara á háskólasvæðinu og starfsemi gistiskýlis sem söfnuðurinn rekur. Þessi kynning hreyfði við tilfinningum mínum og þrá eftir því að kirkjan mín geti komið að því að „léttu bróður bölg og bæta raunir hans“, eins og Sigurbjörn Einarsson biskup orðar svo fallega í sálmi sínum, „Þú Drottinn átt það allt“. Rúmum tveimur árum síðar komst skriður á málið og varð niðurstaðan sú að dagsetur, sem hlotið hefur heitið Skjólíð, yrði fyrir konur og Hjálparstarf kirkjunnar vettvangur verkefnisins og starfið unnið undir merkjum þess.

Skjólíð er opið hús fyrir konur sem glíma við heimilisleysi, búa við óöruggar aðstæður eða eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi. Skjólínu er ætlað að vera öruggur samastaður sem konurnar geta sótt að deginum til. Unnið er eftir skaðaminnkandi hugmyndafræði og er starf Skjólísins þróað og mótað með þeim konum sem það sækja. Þar er boðið upp á léttan og næringarríkan hádegismat, hreinlætisaðstöðu þar sem konur geta farið í sturtu og þvottaaðstöðu þar sem þær geta þvegið af sér. Aðstaða er til hvíldar, tómsundaiðkunar og annarrar afþreyingar, auk þess sem aðgengi er að nettengdum tölvum.

## Sálgæslu- og fjölskylduþjónustan

Árið 1991 fagnaði kirkjuþing nýstofnaðri fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Fjölskylduþjónustan veitir sérhæfða þjónustu í fjölskyldumálum á grundvelli kristinna lífsgilda. Einnig annast fjölskylduþjónustan handleiðslu fyrir starfsfólk kirkjunnar, en markmið handleiðslunnar er að efla starfssjálfið sem felst í því að skoða mörk sín og læra að aðgreina starfsjálfið og einkasjálfið (starf og einkalíf). Einnig að fyrirbyggja kulnun í starfi, auka starfsgleði og samvinnu og samskipti aðila þar sem við á.

Í sálgæslu- og fjölskylduþjónustu kirkjunnar starfa bæðir prestar og fjölskylduráðgjafar.

2.hluti



## Hirðishlutverkið

Í Fyrra Tímóteusarbréfi og hinu síðara, sem og Títusarbréfi, er sérstaklega fjallað um hlutverk leiðtoga í frumkirkjunni. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá og reynsla kynslóðanna hefur mótað skipulag og starf kirkjunnar allt til okkar daga. Ég hef kosið að mæna á þann leiðtoga sem ég var helguð í skírinni og leitast við að tileikna mér það sem hann sagði og gerði og hvernig hann framkvæmdi og kom fram við fólk.

Biskupsþjónustan er prestsþjónusta. Talað er um að biskup sé prestur prestanna. Þannig hlýtur hann að styðja, hvetja, leiðbeina, sálgæta og uppörva sinn söfnuð sem er prestarnir og annað starfsfólk kirkjunnar. Það er gert í vísitásium þegar biskup heimsækir söfnuði landsins og í samtölum við fólk í kirkjunni og þjóna hennar.

Hlutverk biskupsins í lögum

og reglum og samkvæmt hefðum

Biskup sinnir mörgum verkefnum. Í 10. grein nýrra Þjóðkirkjulaga, nr. 77/2021, segir: „Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mælir nánar fyrir um. Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og



þjónustu.“\* Í samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar er grein um tilsjónina. Um framkvæmd tilsjónarinnar segir þar:

Tilsjón er ráðgjöf, stuðningur, uppörvun og hjálp sérstaklega hvað varðar játningu, kenningu kirkjunnar, guðsþjónustu og sakramenti og aðrar kirkjulegar athafnir. Svo og um mál sem skipað er með lögum og starfsreglum, og með stefnumótun kirkjunnar. Tilsjón er eftirlit með því hvernig vígðir þjónar, prestar og djáknar, rækja embætti sín og sinna þjónustu orðs og sakramenta samkvæmt vígsluheiti sínu. Í tilsjón felast úrskurðir um hæfi til að gegna embætti í þjóðkirkjunni. Tilsjón er eftirlit með því hvernig söfnuðir starfsmenn og stofnanir þjóðkirkjunnar sinna skyldum sínum í ljósi trúar, játninga kirkjunnar, laga og reglna.†

Engar starfsreglur gilda um biskupsembættið.

Biskup hefur til 1. janúar 2020 skipað presta en frá þeim tíma ræður hann presta til starfa þar sem þeir eru ekki lengur embættismenn heldur starfsmenn þjóðkirkjunnar. Þegar prestar eru ráðnir í prestaköll er það heima-fólk sem kýs og biskup ræður þann frambjóðenda sem valnefnd prestakallsins hefur komið sér saman um.

Á starfslista biskupsins eru auk þess fjölmargir mála-flokkar sem sinna þarf og fjölmörg viðtöl á biskup við fólk innan sem utan kirkju. Biskup veitir biskupsstofu

\* [www.althingi.is/altext/stjt/2021.077.html](http://www.althingi.is/altext/stjt/2021.077.html).

† [kirkjan.is/library/Files/Adrar-heimildir/Samþykktir\\_um\\_innri\\_malefni\\_kirkjunnar.pdf](http://kirkjan.is/library/Files/Adrar-heimildir/Samþykktir_um_innri_malefni_kirkjunnar.pdf).

daglegt fyrirvar og fundar reglulega með stjórnendum og starfsfólki. Á biskupsstofu er fylgt eftir reglum er kirkjuþing setur, samþykktum kirkjuþings og markaðri stefnu þess og prestastefnu, og ber biskup ábyrgð á því að þessi störf séu unnin. Biskup hefur einnig ákvörðunarvald um einstök mál og nýtur ráðgjafar sérfræðinga innan og utan biskupsstofu áður en ákvörðun er tekin. Vandasamasta verkefnið er sennilega að hafa yfirumsjón með kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar og beita sér fyrir lausn ágreiningsefna á kirkjulegum vettvangi. Þar þarf að taka óvinsælar ákvarðanir sem ekki eru teknar án yfirlegu og skoðunar og bænar. Hins vegar er það svo að komi upp ágreiningur í sóknunum þá er það sjaldnast á borði biskups að leysa þau mál enda er starfsfólk sóknanna í ráðningarsambandi við sóknirnar en ekki biskupsstofu.

Biskupi ber að gæta að einingu þjóðkirkjunnar og það þýðir að biskup Íslands er þess meðvitaður að allt fólk sem tilheyrir þjóðkirkjunni og leggur henni lið á einn eða annan hátt myndar þá heild sem þjóðkirkjan er. Þjóðkirkjan er fólk sem er innan hennar og á sína fulltrúa á kirkjuþinginu sem fer með æðsta vald í málefnum kirkjunnar, eins og það er nefnt í lögum. Þannig hefur kirkjuþing samþykkt skipurit þjóðkirkjunnar. Mikilvægt er að vald og ábyrgð fari saman en það hefur oft verið vandi innan þjóðkirkjunnar að svo er ekki. Dæmi um það er ráðningar í prestsstöður þar sem valnefndir prestakalla velja prestinn en biskup ræður hann til þjónustunnar og þá samkvæmt vilja valnefndarinnar, en í henni eru fulltrúar sókna prestakallsins.

Tilsjón biskups Íslands með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og starfi hennar í landinu fer aðallega fram á vísitasíum. Á vísitasíum eru kirkjur skoðaðar, sem og safnaðarheimili, kapellur og aðrir messustaðir. Fundað er með sóknarnefndum, prestum og öðru starfsfólki sóknanna. Biskup Íslands hittir einnig starfsfólk vinnustaða og stofnana. Heimsækir skóla, leikskóla, dvalarheimili og smiðjur og fræðist um líf fólksins í kirkjunni í sínum daglegu önnum.

Í vísitasíum hitti ég fólk sem elskar kirkjuna sína, vill henni vel, er ánægt með starf hennar og þjónustu og vill gera betur við sóknarkirkjuna sína og stuðla að góðu mannlífi innan hennar. Það er himinn og haf á milli þeirrar kirkju og kirkjunnar sem birtist á stundum í fréttamiðlum landsins. Þar er vart getið um hið góða starf sem fram fer hringinn í kringum landið og þjónustuna sem veitt er af fagþekkingu, kærleika og virðingu. Kirkjunni í nærsamfélaginu treystir fólkið samkvæmt reynslu minni og samkvæmt könnunum þó að traustið til trúfélagsins þjóðkirkjunnar sé ekki alltaf mikið í könnunum. Eins og í mannlegu samfélagi almennt þá koma upp ýmis erfið mál í kirkjunni sem taka þarf á og út á við sýnist það ekki alltaf svo að sú afgreiðsla sé til þess fallin að skapa einingu. Einingin snýr fyrst og fremst að því að fólk geti komist til trúar á Krist og lifi í trú í samfélagi trússystkina sinna.

Biskup boðar til prestastefnu árlega verði því við komið en á prestastefnu eru tekin fyrir kenningarleg málefni, sem og aðkoma kirkjunnar af málum líðandi

stundar. Í minni biskupstíð er presta- og djáknastefnan römmuð inn af biblíulestrum og helgihaldi og leitast við að prestar og djáknar landsins njóti uppörvunar og efnis sem nýtist þegar heim er komið.

Frá árinu 1986 hefur leikmannastefna verið haldin í kirkjunni einu sinni á ári. Hana sækja fulltrúar sóknanna í landinu og er leitast við að uppörva þátttakendur og fræða þannig að þeir eflist í þjónustu sinni í prófastsdæmi sínu.

Biskup fundar með próföstum tvisvar á ári og formlegir fundir biskups Íslands með vígslubiskupum eru nokkrum sinnum á ári.

Í rúm 40 ár, frá árinu 1958 þegar kirkjuþing kom fyrst saman, var biskup Íslands forseti þingsins. Þetta breyttist með nýjum þjóðkirkjulögum sem samþykkt voru árið 1997 og hafa biskupar nú málfrelsi og tillögu-rétt á þinginu.

Kirkja biskups Íslands er Dómkirkjan í Reykjavík. Þar fara prests- og djáknavigslur fram. Þaðan eru kandiðatarnir sendir út á akurinn til þjónustu við það fólk sem þau hafa verið kölluð til að þjóna. Auk þessara vígsluathafna prédikar biskup í Dómkirkjunni nokkrum sinnum á ári, oftast en ekki í beinum útsendingum í hljóðvarpi og jafnvel sjónvarpi allra landsmanna. Þess utan prédikar biskup í öðrum kirkjum þegar tilefni er til og vígir nýjar kirkjur og safnaðarheimili, blessar hjúkrunarheimili og fleiri staði.

Biskup tekur þátt í biskupsvígslum í lúterskum nágrannakirkjum og fundar með höfuðbiskupum Norður-

landanna einu sinni á ári og fjórða hvert ár með biskupum í lúterskum kirkjum á Norðurlöndunum, í Eyrstrasaltsríkjunum og á Bretlandseyjum og Írlandi, en það er samstarfsverkefni sem byggist á samningi sem undirritaður var árið 1992 og kennt við borgina Porvoo í Finnlandi þar sem fulltrúarnir neyttu saman hinnar heilögu kvöldmáltíðar sunnudaginn fyrir undirritunina.\* Í formála samkomulagsins segir (bls. 3):

Á undanförnum árum hafa orðið örlagaríkar breytingar í Norður-Evrópu. Ný tengsl hafa myndast í viðskiptum, menntun, ferðaþjónustu og umhverfismálum milli Norðurlanda, Eyrstrasaltslanda og Bretlandseyja. Á þessu umbreytingaskeiði þjóna anglíkanskir kirkjur og lúterskir kirkjur mikilvægu hlutverki. Þessi skýrsla lýsir hvernig tólf slíkar kirkjur, sem 50 milljónir kristinna manna tilheyra, eru að treysta böndin sín á milli jafnframt því sem þær taka höndum saman um ýmis hagnýt verkefni er lúta að þeirri þjónustu sem þær veita. Það er fagnaðarefni að hefðir anglíkanskra og lúterskra kirkna í vestrænni kristni sem eiga svo margar sameiginlegar rætur og einkenni, skuli enn á ný á þessari öld hafa komið auga hvor á aðra og tengst nýjum böndum.

Með því að rýna í söguna frá síðustu öld er ljóst að fljótlega eftir aldamótin 1900 fóru menn að gera sér grein fyrir að samvinna og samhugur í verki væri vænleg leið

\* [kirkjan.is/library/Samnyttar-myndir/Skrar/Porvoo-yfirlýsingin.pdf](http://kirkjan.is/library/Samnyttar-myndir/Skrar/Porvoo-yfirlýsingin.pdf).

til árangurs í starfi kirkjunnar, sem og annars staðar í Þjóðfélaginu. Upphaf samtalsins sem leiddi til Porvoo-samþykktarinnar má rekja til ársins 1909 eins og lesa má í Porvoo-yfirlýsingunni sem fyrr er vísað til.

Starfsmannastefna Þjóðkirkjunnar er sérstök umfram önnur félög og/eða stofnanir vegna þess að Þjóðkirkjan er bundin tvenns konar skilningi, hinum ytri, sem er skilningur laga og reglna, og hinum innri, sem eru trúarlegar forsendur hennar. Stór hluti starfsfólks kirkjunnar um landið allt er í ólaunuðu starfi, sjálfbodinni þjónustu og skipta þau þúsundum. Þar á meðal er sóknarnefndarfólk, söngfólk í kirkjukórunum, meðhjálparar, hringjarar, aðstoðarfólk í barna- og æskulýðsstarfi og öðru safnaðarstarfi, félagar í safnaðarfélögum og kvenfélögum. Einnig starfa á vegum Þjóðkirkjunnar sjálfbodaliðar og launað starfsfólk í nefndum og ráðum.

Það segir sig sjálft að engin ein manneskja getur sinnt hinni fjölþættu biskupsþjónustu nema vera í góðu samstarfi við fólk í kirkjunni. Nánasta samstarfsfólkið er á biskupsstofu en prófastar eru framlengdur armur biskups. Það er stundum orðað þannig að prófastar séu augu og eyru biskupsins í heimahéraði. Tengsl og traust eru því lykilorð mín í þjónustunni.

### Leiðtogi

Í Fyrra bréfi Páls til Tímóteusar (3.1) segir: „Sækist einhver eftir biskupsstarfi þá girnist hann göfugt hlutverk.“ Vissulega er hlutverkið göfugt en ég sóttist ekki eftir þessu hlutverki heldur var leidd til þeirrar stundar að gefa kost

á mér til að sinna því. Það var í fyrstu fráleit hugmynd en ákvörðunin var ekki erfið. Ég var og er enn sannfærð um að ég hafi verið kölluð til þessa hlutverks og verkefnis að leiða þjóðkirkjuna á Íslandi. Vera hirðir hirðanna eins og biskupsstarfið er stundum nefnt og það er göfugt hlutverk. Leiðtogi er sá eða sú sem setur stefnuna og fær fólk til að ganga í sömu átt og hvetur fólk til dáða.

Biskup ber ábyrgð á því að þau sem sinna störfunum á biskupsstofu geri það af samviskusemi og í samræmi við settar reglur. Biskup sem leiðtogi hefur ekki öll völd í kirkjunni heldur er það kirkjuþingið. Biskup getur haft áhrif á störf þingsins enda nýtur hann málfrelsis og hefur tillögurétt á kirkjuþinginu, en ekki atkvæðisrétt. Sem talsmaður þjóðkirkjunnar út á við leitast biskup við að feta í fótspor þess sem sagðist hafa allt vald á himni og á jörðu. Hann hefur ekki valdið heldur Guð, sá er öllu ræður þegar upp er staðið. Biskup hefur vissulega áhrifa-vald og á að nota það þegar hann telur það vera fólkinu í kirkjunni til heilla og valdi kærleikans getur hann beitt. Ég hef kosið að hugsa ekki um vald heldur verkefni þann tíma sem ég sit á biskupsstóli en geri mér vissulega grein fyrir því að oft þarf biskup að taka óvinsælar ákvarðanir sem sumir túlka sem valdbeitingu.

Í nútímanum er mikið horft til sterks leiðtoga á sama tíma og kallað er eftir gegnsæi, dreifræði og lýðræði. Leiðtoginn í kirkjunni er Jesús Kristur. Við skulum horfa til hans og læra af honum hvernig hann kom fram við fólk og leiddi það til betra lífs. Traust er forsenda þess að fólki geti liðið vel. Nú um stundir skortir mjög á traust

í samfélagi okkar og líka í kirkjunni. Traust er forsenda þess að fólki líði vel í lífi og starfi og njóti þess sem það er að gera.

Starf prestsins er þjónustustarf. Presturinn er sér þess meðvitandi að hann hefur ekki þekkingu á öllum hlutum eða hæfileika á öllum sviðum. En hann er þess fullviss að hann stendur ekki einn í þjónustunni. Hann er borinn uppi af honum er allt vald hefur á himni og á jörðu, Guði sem sendir alltaf hjálp og ráð með fólki sem á vegi hans verður og með öðru samstarfsfólki í kirkjunni, djáknum, organistum, kirkjukórsfólki, sóknarnefndarfólki, starfsfólki og leikmönnum. Því kirkjustarfið er borið uppi af mörgum.

### Þjónustan

Þjónustan er eitt af aðaleinkennunum í lífi og starfi Jesú. Jesús sagði við mannfjöldann og lærisveina sína: „Þér skuluð ekki heldur láta kalla yður leiðtoga því einn er leiðtogi yðar, Kristur. Sá mesti meðal yðar sé þjónn yðar.“ (Matt. 23:10–11.) Jesús var leiðtogi en jafnframt þjónn þeirra sem honum fylgdu. Einnig sagði hann þegar lærisveinarnir fóru að metast um hver þeirra væri talinn mestur: „Konungar þjóða drottna yfir þeim og valdhafar þeirra kallast velgjörðarmenn. En eigi sé yður svo farið heldur sé hinn mesti yðar á meðal sem væri hann yngstur og foringinn sem þjónn. Því hvort er sá meiri sem situr til borðs eða hinn sem þjónar? Er það ekki sá sem situr til borðs? Samt er ég meðal yðar eins og þjónninn.“ (Lúk. 22:25–27.) Jesús þvóði líka fætur lærisveina sinna en



það var hefðbundið hlutverk þeirra sem sinntu þjónustustörfum. Hann benti þeim á að leiðtogi hefur hugarfar þjónsins.

Hugmynd Greenleaf, sem er upphafsmaður kenningarinnar um þjónandi forystu, er í samhljóman við það sem Jesús segir um leiðtogana. Greenleaf bendir á að góðir og árangursríkir leiðtogar eru fyrst og fremst þjónar og að sönn forysta felur í sér löngunina til að þjóna öðrum.

### Biskupsstofa

Margt hefur verið rætt og ritað um stöðu biskups Íslands innan stjórnkerfis kirkjunnar. Rík krafa er um að biskup sé hæfur leiðtogi, góður hirðir og góður prédikari. Nokkur umræða hefur farið fram innan þjóðkirkjunnar um hlutverk biskups innan stjórnkerfis hennar. Menn tala um veraldlegt hlutverk og andlegt hlutverk. Að mínu mati er aldrei hægt að aðgreina hlutverk kirkjunnar þannig að þau skarist ekki að einhverju leyti. Leiðtogi þarf að hafa áhrifavald og alla yfirsýn. Það má ekki skipa málum þannig að sá möguleiki sé ekki fyrir hendi. Biskup á að tryggja prestsþjónustu um landið allt og það getur hann ekki gert án þess að hafa fjármagn. Biskup á að vera eins og húsmóðir/-faðir á heimili. Slíkur aðili getur ekki rekið heimili sitt án þess að eiga fyrir nauðþurftum í formi matar, menntunar barnanna, tómsunda, viðhalds húsnæðis og alls þess sem eitt heimili þarf til að heimilisfólki líði vel, njóti uppörvunar til góðra verka og fái þá andlegu og líkamlegu næringu sem hverjum

einstaklingi er nauðsynleg til að líða vel og njóta hamingju. Einnig ber að líta til þess að allt sem samþykkt er af æðstu valdastofnun kirkjunnar, eins og kirkjuþing er nefnt, þarf að koma í framkvæmd og það hefur kirkjuráð, með biskup í forsæti, haft með höndum, meðan það var og hét, með aðstoð starfsfólks biskupsstofu. Nú starfar kirkjuráð ekki lengur og því erfiðara fyrir biskup að hafa alla yfirsýn.

Fjármál og fasteignamál koma enn oft á borð biskups þar sem biskup ræður presta og annað starfsfólk og eru laun langmestur hluti þess fjármagns sem þjóðkirkjan hefur til umráða. Margir prestar búa einnig í prestsbústöðum víða um land. Nauðsynlegt er að á biskupsstofu sé dagleg stjórn fagleg og kærleiksrík þannig að starfsfólk finni að störf þeirra séu metin að verðleikum og verkaskipting sé skýr, sem og skipulag gott. Hið sama á við um allt starf þjóðkirkjunnar um landið allt, sem og þjónustu hennar. Til að núverandi skipting í biskupsstofu og rekstrarstofu gangi upp þarf að vera náíð og gott samstarf á milli í dagsins önn. Á biskupsstofu eru unnin ýmis verkefni sem styðja við starfsemi kirkjunnar í hinum dreifðu byggðum landsins. Eitt af þeim er samning fræðsluefnis.

### Fræðslumál

Lúter lagði áherslu á almenna þekkingu á boðskap Biblíunnar og það verður að segjast að okkar lúterska kirkja, þjóðkirkjan, hefur ekki lagt nóga áherslu á þennan þátt. Áður en skólar tóku að nokkru leyti yfir fræðsluna hvað

Þetta varðar sáu kirkjunnar þjónar um uppfræðsluna og eldri kynslóð fræddi hina yngri. Eftir að skólaskylda komst á sofnaði kirkjan á verðinum og gerði ráð fyrir að skólinn sæi um uppfræðsluna. Nú hefur sú þróun orðið að lítil áhersla er lögð á kristinfræðikennslu í grunnskólum og kirkjan verður að sinna fræðsluhlutverki sínu sem skyldi. Það er ekki ásættanlegt að sjá lægri félagatölur kirkjunnar ár frá ári og líta ekki í eigin barm hvað það varðar. Á biskupsstofu starfar fólk við gerð fræðsluefnis sem notað er í söfnuðum landsins. Það fer mest fyrir gerð sunnudagaskólaefnis en önnur fræðsluverkefni eru einnig unnin þar. Nauðsynlegt er að uppfræða fólkið í landinu með öllum þeim tækjum sem í boði eru, annars er hættu á því að færri og færri geri sér grein fyrir mikilvægi þess að varðveita menningararfinn hvað kristin áhrif áhrærir. Það hefur færst í vöxt að börn eru ekki skírð. Þar með fer barnið á mis við fræðslu um kristna trú og kristin lífsgildi sem mótað hafa þjóðfélag okkar um aldir. Ég vil ekki að andvaraleysi kirkjunnar varðandi fræðslu og tilboð um hana verði til þess að trú, von og kærleikur gleymist, en á þessi atriði kristinnar trúar lagði Lúter áherslu.

## Skipulag þjóðkirkjunnar

Ný þjóðkirkjulög tóku gildi 1. júlí 2021. Lögin eru rammalöggjöf sem kveða m.a. á um réttarstöðu þjóðkirkjunnar og þjónustu hennar við landsmenn. Með því er ríkisvaldið að tjá skilning sinn á sambandi ríkis og kirkju, sem og á sjálfstæði þjóðkirkjunnar. Krafa ríkisins kemur einnig fram, sem er að þjóðkirkjan sinni þjónustu við alla landsmenn.

Í kjölfar þessarar lagasetningar setti kirkjuþing nýjar starfsreglur og/eða breytti þeim starfsreglum sem fyrir voru enda byggja reglurnar á þjóðkirkjulögunum.

Málefni kirkjunnar snúast um verkefni sem vinna þarf í skýru umboði en ekki um vald. Kirkjuþing og biskups-embættið eru saman á þeirri vegferð að byggja upp og viðhalda sterkri kirkju, Guði til dýrðar og náunganum til blessunar. Það ber að gera með faglegum vinnubrögðum, aukinni fræðslu, fjölbreyttu helgihaldi, þjónustu í nær-samfélaginu, sérþjónustu og samtali.

### Kirkjuþing

Kirkjuþing var sett á laggirnar árið 1958 og var biskup Íslands forseti þess næstu fjörtíu árin. Með nýrri löggjöf um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar frá árinu 1997 breyttist það á þann veg að síðan hefur leikmaður verið forseti kirkjuþings. Á þinginu sitja 17 fulltrúar

leikmanna sem kjörnir eru af söfnuðum landsins til setu á þinginu og 12 vígðir þjónar (prestar og djáknar) sem vígðir þjónar kjósa. Hlutverk kirkjuþings er að setja kirkjustarfnu umgjörð sem styður það starf og þá þjónustu sem kirkjan sinnir. Kirkjuþing hefur sem sé það hlutverk að tryggja starfsskilyrðin. Það er gert með því að huga að ytra skipulagi, tryggja löggjöf um kirkjuna og leggja til atriði sem bæta innra starf hennar.

Það er að sönnu vandasamt verkefni að viðhafa virkt skipulag í fyrirbæri sem er hvorki stofnun né fyrirtæki. Þjóðkirkjan er trúfélag og erfitt getur reynst á stundum að lúta hefðbundnu regluverki fyrirtækja og stofnana. Það fylgir því líka viss vandi að vera fámenn þjóð í stóru landi.

Niðurstaða hvers máls sem fyrir kirkjuþingi liggur þarf að vera þaulhugsuð, grandskoðuð og þjónandi því hlutverki sem kirkjan hefur, sem er að koma þeim góða boðskap sem fagnaðarerindið inniber til skila.

Kristur er kjarni kirkjunnar sem allt snýst um.

## Skipan þjónustunnar

Skipulagsmál eru sístætt verkefni.

Eitt af þeim málum sem ég hef beitt mér fyrir í þjóðkirkjunni er að koma með tillögur á kirkjuþingi um sameiningu prestakalla. Mér finnst nauðsynlegt að leiða saman fólk með ólíka reynslu og hæfileika. Prestaköllin eru misjöfn að stærð og aðstæður eru ólíkar, t.d. á milli þéttbýlis og dreifbýlis. Auðveldara ætti að vera fyrir vígða þjóna safnaðanna að skipta með sér verkum en

draga vagninn alltaf ein. Aukin samvinna presta skapar samkennd og minni hætta ætti að vera á því að fólk brenni út í þjónustunni.

Nú þegar hefur sameining prestakalla farið fram í sjö prófastsdæmum af þeim níu sem eru í landinu.

Niðurstöður í starfsumhverfiskönnun presta sem gerð var árið 2016 styður þessa hugsun um aukna samvinnu kirkjunnar þjóna. Prestar vilja almennt vinna meira saman, eiga faglegt samráð hver við annan og þurfa ekki að bera einir ábyrgð á öllum þeim fjölmörgu mála-flokkum sem prestar sinna meðal sóknarbarna sinna. Fagleg vinnubrögð munu aukast þegar prestahópurinn samanstendur af prestum sem hafa jafnvel sérmenntun á ýmsum sviðum prestsþjónustunnar, hæfileikar hvers og eins njóta sín betur og nýtast fleiri sóknarbörnum. Þau sem reynt hafa geta vitnað um það. Auðvitað eru ýms atriði sem þarf að huga að þegar breytingar eiga sér stað. Mörg þeirra eru hagnýt atriði sem varða til dæmis skýrsluskil og forsvar gagnvart sóknarnefndum og út á við. Þessar tillögur eiga aðeins við um sameiningu prestakalla, en ekki sókna.

Biskupafundur leggur fram hugmyndir að sameiningum prestakalla sem fara til umsagnar heima í héraði og síðan á kirkjuþing. Annað gildir um sameiningu sókna. Þar eiga heimamenn frumkvæðið og biskupafundur og kirkjuþing samþykkja þeirra vilja.

Teymisvinna er algeng nú til dags. Ekki aðeins á milli fólks í sömu stétt heldur einnig þverfagleg teymisvinna. Kostir stærri prestakalla eru betri og fjölbreytilegri þjón-

usta fyrir sóknarbörn, sem fá aðgang að fleiri prestum. Meiri sérhæfing prestsþjónustunnar getur orðið þegar tveir eða fleiri prestar vinna saman sem hafa mismunandi bakgrunn í menntun og hæfni. Einnig verður starfsumhverfi prestanna betra með jöfnun þjónustubyrði og ef vel er á spilum haldið verður betri nýting fjármuna og annarra auðlinda.

### Farið hratt yfir sögu sameiningar

Sameining prestakalla í Þjóðkirkjunni er ekki ný af nálinni og hægt er að finna heimildir frá byrjun 20. aldarinnar um hugmyndir að sameiningu. Fjöldi prestakalla á Íslandi er nú 70 en 1846 voru þau 181 talsins. Prestaköllum hefur því fækkað um 61% en þó hefur prestum ekki fækkað eins mikið eða um 23%, en stöðugildin eru tæplega 140 nú. Í ársbyrjun 1846 var mannfjöldinn hér á landi 58.667 manns, þannig að það voru að meðaltali 324 íbúar í hverju prestakalli. Samgöngur voru töluvert erfiðari á þeim tíma og ekki var auðvelt að hafa samband við fólk. Eftir því sem samgöngur urðu greiðari og fjarskipti öflugri fækkaði prestaköllunum. Árið 1904 er fjallað um sameiningu prestakalla í 41. tölublaði Þjóðólfs og fleiri blöð og greinar má finna um sama efni frá þessum tíma. Þá var umræðan út frá fjölda kirkna á hvern prest en ekki fjölda íbúa eða sóknarbarna.

Árið 1974 fól Prestastefna Íslands biskupi að skipa fimm manna nefnd til að fjalla um aðalmál prestastefnunnar, „Kirkjan og samtíðin“. Sú nefnd var ávallt kölluð starfsháttanefnd Þjóðkirkjunnar. Þremur árum síðar gaf

nefndin út álitserð þar sem fram kemur að markmiðið sé að gera prófastsdæmin að sjálfstæðum einingum þar sem prestar verði ekki ráðnir til prestakalla heldur til prófastsdæmis eins og fyrirkomulagið er í Noregi. Þá yrðu sóknir og prófastsdæmi en prestaköll myndu heyra sögunni til og hver prestur prófastsdæmisins myndi þá þjóna ákveðnum sóknum. Þannig myndi betur nýtast sérmenntun þeirra og hæfni og betur verða hægt að mæta þörfum í kirkjulegri þjónustu.

Á kirkjuþingi 2003 var samþykkt að breyta starfsreglum um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma þar sem bættari samgöngur væru og fólksfjölgun mikil á höfuðborgarsvæðinu. Þjóðkirkjan vildi að þjónusta við fólkið yrði jöfn yfir landið.

Með stækkun prestakallanna var markmiðið að efla boðun fagnaðarerindisins í orði og verki. Með stækkun prestakalla myndu flest einmenningsprestaköll heyra sögunni til. Samstarf presta myndi eflast og möguleikar sóknarbarna á bættari og sérhæfðari þjónustu í hverju prestakalli myndu aukast.

Næst fjallaði kirkjuþing 2010 um málið og samþykkti megináherslur sem fram voru settar í skýrslu nefndar um heildarskipan þjónustu kirkjunnar. Kirkjuþing 2010 samþykkti þá framtíðarsýn á starfsháttum kirkjunnar sem felast í samstarfssvæðum sókna, skilgreiningu á grunnþjónustu kirkjunnar og samþættingu við samþykktir um innri málefni kirkjunnar. Þar er lagt upp með að inntak þjónustunnar, umgjörð og skipulag skuli hverfast um eftirfarandi fimm þætti: Helgihald, boðun og fræðslu,



kærleiksþjónustu, sálgæslu og hjálparstarf og menningu og listir, staðbundna þjónustu og nýjar leiðir. Fleiri atriði skyldi jafnframt taka til skoðunar við skipun prestakalla og ákvörðun um þjónustubyrði, svo sem fjölda sókna innan prestakalls, hvernig samgöngum er háttað og færð á vegum, sérstaða helgistaða og annað. Af þessari samantekt sést að sameining prestakalla og breytingar á skipulagi þjóðkirkjunnar eru ekki nýjar af nálinni. Bættar samgöngur og aukin fjarskipti gera það mun auðveldara að sameina prestaköllin. Jarðgöng og malbikaðir vegir hafa víða komið í stað snjóþungra heiða og malarvega þó að enn sé langt í að öruggar leiðir séu á öllum stöðum á milli landshluta.

### Val á prestum

Eitt af eilífðarmálunum á kirkjuþingi er að búa til starfsreglur um hvernig ráðningu í prestsstöður skuli háttað. Að skilningi evangelísk-lúterskrar kirkju er inntak prests-embættisins að prédika fagnaðarerindið og veita sakramentin. Presturinn er sendur af kirkjunni til þess safnaðar sem hefur kallað hann til að sinna þessu verkefni, að prédika og veita sakramentin. Kirkjan sem sendir prestinn hefur þá eitthvað um það að segja hver það er sem sendur er, en söfnuðurinn kallar prestinn til starfa hjá sér.

Hér eins og víða annars staðar í regluverki kirkjunnar ríkir spennan. Eins og fram kemur í 7. grein Ágsborgarjátningarinnar er ekki nauðsynlegt að alls staðar séu sömu mannasetningar í lúterskum kirkjum heims. Það er því ekki sami háttur hafður á alls staðar þegar

prestur er kallaður til starfa. Prestur er ekki í ráðningarsambandi við söfnuðinn eða sóknina sem kallar hann til starfa. Hann er í ráðningarsambandi við þjóðkirkjuna sem sendir hann út á akurinn. Það er því nokkuð ljóst að hagaðilar í þessu máli eru bæði sóknarnefndin og biskupinn. Fulltrúar sóknarnefndanna og fulltrúar hinnar vígðu þjónustu í kirkjunni sitja á kirkjuþinginu sem ákveður reglurnar um ferlið frá því þörfin fyrir prest myndast í prestakallinu og þar til hann er ráðinn af biskupi. Sjónarmiðin sem takast á eru nokkur. Háskólamenntaðir guðfræðingar vilja að sjálfsögðu að tekið sé tillit til menntunar þeirra og reynslu. Söfnuðurinn veltir fyrir sér hver kandídatanna er líklegastur til að þjóna söfnuðinum miðað við þarfir hans. Einnig kemur þarna inn í ómælanlegir þættir eins og fas, framkoma og fleira í þá veru. Þegar sérþjónustuprestur er valinn eru fulltrúar hagaðila kallaðir að borðinu.

### Kirkjuráð

Þó að búið sé að leggja kirkjuráð niður vil ég geta tilurðar þess og starfa. Í byrjun síðustu aldar var mikil umræða um samband ríkis og kirkju, trúfrelsi sem nýleg stjórnskrá boðaði og stöðu þjóðkirkjunnar í samfélaginu. Sú umræða er því ekki ný af nálinni. Margir vildu koma á fót sérstöku þingi fyrir kirkjuna, kirkjuþingi, en einn angi þessarar umræðu leiddi til þeirrar niðurstöðu að sett var á fót kirkjuráð. Fyrsti reglulegi fundur ráðsins var haldinn í október árið 1932. Forseti ráðsins var frá upphafi biskup Íslands. Í fyrstu kusu sóknarprestar og

kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands tvo fulltrúa vígðra í ráðið en héraðsfundir prófastsdæmanna tvo fulltrúa leikmanna. Allt þar til ráðið var lagt niður þann 1. janúar 2022 var það skipað fjórum fulltrúum, auk biskups sem var sjálfkjörinn. Fulltrúarnir fjórir, tveir vígðir og tveir leikmenn, voru kosnir á fyrsta kirkjuþingi eftir að nýtt kirkjuþing kom saman eftir kirkjuþingskosningar sem fram fara á fjögurra ára fresti. Um kirkjuráð giltu sérstakar starfsreglur sem tiltóku hlutverk og verkefni ráðsins. Kirkjuráð fór með framkvæmdavald þeirra mála er kirkjuþing samþykkti og hafði forræði um framkvæmdir og starfrækslu Skálholtsstaðar.

Mikið var rætt um stöðu biskups Íslands í kirkjuráði. Þeirri skoðun var haldið á lofti að biskup Íslands ætti ekki setu í ráðinu og ætti alls ekki að vera í forsvari þar. Ég tók ekki undir það sjónarmið, eins og fram hefur komið hér að framan, því að ef biskupinn er ekki í formlegu og beinu sambandi við kjörna fulltrúa kirkjunnar er erfitt að leiða þá kirkju sem aðrir ákveða hvernig skuli fram ganga.

## Breytt skipan 1. júlí 2021

Í áraraðir vann kirkjuþing að nýju frumvarpi þjóðkirkjulaga. Dómsmálaráðherra lagði frumvarpið fram á vorþingi Alþingis 2021. Í mínum huga er ljóst að vinna við slíkt frumvarp verður að byggjast á grunnvinnu sem felst í því að gæta hins lúterska trúararfs, efna til samtals meðal þjóðkirkjufólks um kirkjuna og koma sér saman um framtíðarsýn. Slík vinna getur tekið mörg ár eins og nú þegar hefur sýnt sig, en minna má á að þau fimm leiðarstef sem Frans páfi og Munib Younan undirrituðu fyrir hönd rómversk-kaþólsku kirkjunnar og Lúterska heimssambandsins í dómkirkjunni í Lundi í Svíþjóð árið 2016 voru afrakstur 50 ára samtals milli þessara tveggja kirkjudeilda. Meginstefið er að kirkjudeildirnar eiga alltaf að hafa einingu að leiðarljósi en ekki einblína á það sem skilur að. Textinn er ekki langur, aðeins fimm setningar. Hér er þetta nefnt til að minna á að samtalið er besta leiðin til að auka skilning og greina sameiginlegu atriðin frá því sem greinir í sundur. Hið sama hefði ég viljað sjá í samtali kirkjuþings og Alþingis um ný þjóðkirkjulög, þar sem kirkjan og þjóðin ganga í takt. Frumvarpið tók á sig ýmsar myndir í þann áratug eða svo sem það var til umfjöllunar á kirkjuþingi.

## Frumvarpið að lögum

Þau lög sem nú gilda um þjóðkirkjuna færa kirkjuþingi aukin verkefni og aukna ábyrgð. Ég tel að gefa verði almennu þjóðkirkjufólki meiri möguleika á að kjósa fulltrúa á kirkjuþing. Skref í þessa átt var tekið með nýjum starfsreglum sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2021 en kosningar til kirkjuþings fara fram á fjögurra ára fresti. Hingað til hafa sóknarnefndir haft kosningaréttinn en nú skulu sóknarnefndir í stærstu kjördæmunum velja 15 fulltrúa til viðbótar öðrum kjörfulltrúum sem mega kjósa. Þetta er hænuskref í átt að auknu lýðræði innan þjóðkirkjunnar og vonandi verður þess ekki langt að bíða að allir þjóðkirkjumeðlimir 18 ára og eldri fái rétt til að kjósa til kirkjuþings. Skortur hefur verið á því að ábyrgð og völd fari saman í þjóðkirkjunni. Kirkjuþing setur reglur sem biskup fer eftir en sumar þeirra virka illa í raunveruleikanum og stangast jafnvel á við landslög.

3.hluti



## Framtíðin

Þjóðkirkjan stendur á krossgötum. Nú sem fyrr er það Jesús sem vill leiða okkur veginn áfram og það er okkar að finna þann veg sem Drottinn ætlar okkur að feta. Við búum ekki lengur við óbrúaðar ár eða aðra farartálma. Við búum ekki við stopulan frétttaflutning heldur sendingar sem berast heimsálfa á milli á örskotsstundu. Heimurinn er að breytast og við þurfum nú sem aldrei fyrr að vita á hvaða grunni við stöndum. Það hefur reynst þessari þjóð blessun að byggja á þeim gildum er Kristur birti og boðaði. Við skulum ekki fyrirverða okkur fyrir fagnaðarerindið og ekki heldur leggja niður fræðslu um það.

Umfjöllun um þjóðkirkjuna í fjölmiðlum gefur sjaldnast til kynna að hún eigi sér mikla framtíð. Þjóðkirkjan er samt ennþá stærsta trúfélagið hér á landi. Fólkið í kirkjunni er hin eiginlega kirkja. Fjölmiðlaumfjöllun um kirkjuna bendir til þess að óskað er eftir rödd kirkjunnar í samfélagsumræðunni og siðferðilegum vegvísi til framtíðar. Þjóðkirkjan verður nú eins og á öllum tímum að tala við samtíð sína á tungumáli sem skilst og varpa kristnu ljósi á þau mál sem eru til umræðu.



## Birtingarmynd þjóðkirkjunnar

Helsta birtingarmynd þjóðkirkjunnar er guðsþjónustan og athafnir hennar.

Í guðsþjónustunni er lesið úr Guðs orði, sem verður lifandi fyrir heilagan anda. Þar fer fram útlekking þessa orðs, þar sem byggð er brú milli þeirrar samtíðar sem það er komið frá og til samtíðarinnar hverju sinni. Prédikunin er því byggð á Orðinu en kjarni þess orðs talar til áheyranda og þeirra nærumhverfis. Sálmannir eru útlekking skáldanna á þessu orði og við fáum andlega næringu frá þeim. Sálmannir geyma líka trúararfinn og eru ásamt bænunum samtali við Guð. Af hverju skyldi fólk endast í kirkjukórunum ár eftir ár? Ég tel að það sé ekki aðeins vegna þess að fólki finnst gaman að koma saman og syngja heldur eru sálmannir, textarnir sem sungnir eru, svo andlega nærandi að þeir fylgja söngvaranum út í hið daglega líf eins og blessunin sem borin er upp í lok hverrar guðsþjónustu. Í hinu daglega lífi tekur við guðsþjónusta hversdagsins sem tvinnast saman við leik og störf, hugsanir og vangaveltur og samskipti við annað fólk.

Kirkjan á ekki aðeins samleið með fólki í gegnum helgihald guðsþjónustunnar heldur ekki hvað síst í gegnum athafnirnar, skírn, fermingu, hjónavígslu og útför. Á mikilvægum stundum lífsins. Skírninni fylgir fræðsla, sem og fermingunni. Fræðslustarf kirkjunnar er mikilvægt, einkum í nútímasamfélagi. Á næstu árum þarf að stórauka fræðslustarfið. Einnig þarf að auka leiðtoga-

fræðslu því það eru ekki aðeins prestar og djáknar sem sinna fræðslu í kirkjunni heldur einnig fólk sem þjálfað hefur verið til slíkra verka. Fjarkennsla og þau tækifæri og tækni nútímans gefur hljóta að koma þar sterkt inn.

Hver eru viðtakendurnir?

Þjóðkirkjan stendur á gömlum grunni, starfar og þjónar nú og hugar að stöðu og þjónustu í framtíðinni. Stöðugt er verið að betrumbæta og huga að því að koma fagnaðararindinu á framfæri við núlifandi og komandi kynslóðir.

Við sköpum framtíðina á hverjum einasta degi. Það sem gert er og sagt er hefur ekki aðeins áhrif á það sem er heldur einnig það sem verður. Kynslóðir koma og kynslóðir fara, hugsunarháttur og lífsviðhorf breytast. Fólkið í kirkjunni er af mörgum kynslóðum. Hver kynslóð deilir sameiginlegri reynslu og viðhorfum sem hefur áhrif á lífsskoðanir hennar, viðhorf og gildi.

Reynda kynslóðin er elsta kynslóð núlifandi Íslendinga. Þau sem fæddust á árabílinu 1922–1943 er kynslóðin sem setti vinnuna í öndvegi og sýndi mikla hollustu og tryggð gagnvart vinnustaðnum. Þessi kynslóð presta var kynslóðin sem áleit prestsstarfið lífsstíl frekar en vinnu og lagði sig fram um að þjóna samfélaginu ekki síður en kirkjunni. Næsta kynslóð, uppgangskynslóðin, *baby-boomers*, fædd á árunum 1943–1960, er kynslóðin sem nú hefur látið af embætti í kirkjunni eða mun gera það á næstu árum og verður því ekki í þjónustunni eftir nokkur ár.

Það mun X-kynslóðin hins vegar gera. Kynslóðin sem fædd er á árunum 1960–1980. Og þá erum við farin að tala um kynslóð sem er ekki eins holl sínum vinnuveitanda og reynda kynslóðin. Þetta er kynslóðin sem vill stjórna tíma sínum og setja sín eigin mörk. Það er reyndar sagt um þessa kynslóð að hún hafi alið sig að mestu leyti upp sjálf og er fyrsta kynslóðin sem býr yfir mikilli sjálf-lærðri tæknikunnáttu úr uppvextinum. Það er líka sagt um þessa kynslóð að hún elski að hafa ekkert að gera. Vinnan sé bara nauðsyn fyrir þeim.

Og svo er það Y-kynslóðin, *millennials*, sem fædd er síðustu tvo áratugi síðustu aldar. Þau verða enn í fullu fjöri í þjónustu kirkjunnar eftir nokkur ár. Þessi kynslóð er oft nefnd velmegunarkynslóðin og hún vill jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Þetta er kynslóðin sem líkar teymisvinna í stærri prestaköllum og er talin hafa yfirburðabekkingu og menntun í samanburði við fyrri kynslóðir. Þessi kynslóð er viljug til vinnu en þarf jafnframt svigrúm til að geta sinnt sínum persónulegu þörfum.

Z-kynslóðin er kynslóð upphafs 21. aldarinnar og þau elstu af þeirri kynslóð verða orðin leiðtogar í kirkjunni eftir nokkur ár. En það þarf að halda vel á spöðunum af því að þetta er kynslóðin sem jafnvel er óskírð og lítið frædd um kristindóminn og gildi þess að sækja kirkju.

## Nýsköpun

Kirkjur heimsins, og þar með okkar kirkja, hafa a.m.k. tvennt sem aðrir hafa ekki, það er helgihaldið og sál-gæslan. Við þurfum að taka okkur á í helgihaldinu í víð-

ustu merkingu þess orðs og endurskoða orðaforðann í sambandi við það.

Við lifum í fjölmenningsamfélagi. Í 50 ár hefur samstarfsnefnd kristinna trúfélaga starfað. Í mínu ungdæmi störfuðu kristin trúfélög hvert í sínu horni. Nú er góð samvinna milli þeirra og gagnkvæm virðing og væntumþykja. Frá árinu 2006 hefur samráðsvettvangur trúarbragðanna starfað og það samráð hefur vissulega aukið þekkingu og skilning milli þeirra enda ríkir þar einnig gagnkvæm virðing og væntumþykja. Við skulum örugg ganga fram í boðun og verkum í kirkjunni okkar þannig að allir viti fyrir hvað við stöndum. Það er nú brýnna en nokkru sinni. Fjöldi skráðra trúfélaga hér á landi er rúmlega 40, mörg þeirra kristin en önnur ekki. Flóttamenn eru fleiri í heiminum nú en oft áður og þeir leita líka hælis hér á landi eins og kunnugt er. Þeir flytja með sér siði og venjur frá sínu heimalandi sem við kynnumst og það mun örugglega auðga kirkjuna okkar í framtíðinni. Fjölmenningu skulum við ekki óttast enda ókristilegt í alla staði að láta óttann stjórna lífi okkar og gjörðum.

Sagt er að komandi áratugur verði áratugur nýsköpunar. Það er mikil gerjun í guðfræði samtímans. Guðfæðiumræða er að aukast utan guðfræðideildar og innan kirkjunnar og jafnvel í samfélaginu með þýðingu og útgáfu ýmissa guðfræðibóka. Auk þess sem Youtube og hlaðvörp eru gjöful á góða guðfræðifyrirlestra og kynningar. Allt þetta hefur áhrif, sem og aukin menntun presta, bæði fyrir guðfræðináms og eftir. Aldrei hefur Ísland alið fleiri doktora í guðfræði en nú um stundir og

allt bendir til að þeim fari frekar fjölgandi en fækkandi. Símenntun presta er orðin staðreynd. Allt þetta hefur áhrif á kirkjuna og breytir henni smám saman. Stefnur og straumar berast ekki úr einni átt og auðgar það kirkju okkar að verða fyrir áhrifum frá austri og vestri, norðri og suðri. Nýsköpun í helgihaldi er hafin og mikil þróun á þeim vettvangi.

Á 21. öldinni hefur kirkjan, boðskapur hennar og guðfræði, áhrif á viðhorf fólks til brýnna samfélags- og samtímamála, s.s. umhverfismála, mannréttindamála og velferðarmála. Boðskapur kristinnar trúar um réttlæti og frið, kærleika og virðingu skilar sér, jafnvel þótt fólk átti sig ekki á því hvaðan hann kemur.

Þátttaka kirkjunnar í umræðu og framkvæmd um umhverfismál og mannréttindamál er málefni kirkjunnar á 21. öldinni. Við spyrjum ekki að því hvort náungi okkar sé kristinn. Við réttum honum hönd af því að við erum kristin. Það var góður punktur sem Assa Karam framkvæmdastjóri Religions for Peace (trúarbrögð í þágu friðar) benti á á heimsþingi Alkirkjuráðsins haustið 2022 þegar hún sagði að Jesús elskaði alla. Ekki bara kristið fólk heldur líka fólk sem aðhylltist önnur trúarbrögð og fólk sem er ekki trúað.

Tilgangur kirkjunnar og hlutverk er að boða kristna trú í orði og í verki. Markmið hennar er að koma þessum boðskap til skila til komandi kynslóða. Til þess notum við allar tiltækar leiðir.

## Verk að vinna

### Sálmabókin

Ný sálmabók kemur út á þessu ári. Hún hefur verið í vinnslu um margra ára skeið en hún geymir trúararfinn. Sálmakveðskapurinn birtir reynsluheim skáldanna af samleið sinni með Guði, sem og safnaðarins sem syngur. Í nýju sálmabókinni eru bæði gamlir og nýir sálmar, þekktir og óþekktir. Margir hafa lagt hönd á plóg við gerð þessarar nýju bókar, fræðingar á sviði bókmennta, íslensku, tónlistar ásamt fleirum. Það er tilhlökkunarefni að fá þessa nýju sálmabók og vel verður innihald hennar kynnt svo allir landsmenn fái að njóta.

### Handbókin

Handbók íslensku þjóðkirkjunnar hefur verið í vinnslu um margra ára skeið með hléum þó. Nú vinnur fagfólk að gerð nýrrar handbókar en í henni eru leiðbeiningar um framkvæmd athafna og annars helgihalds. Biskup ber ábyrgð á því verkefni eins og sálmabókarvinnunni.

Handbókin er einingarband og vitnisburður um samstöðu í tjáningu trúar og siðar á grundvelli játninga evangelísk-lúterskrar kirkju og veitir leiðbeiningar um guðsþjónustu og helgihald. Síðasta handbók kom út árið 1981 og var til reynslu. Það hefur því komist góð reynsla

á hana á 40 árum. Ég tel nauðsynlegt að fólk geti farið í guðsþjónustur hvar sem er á landinu og fundið að við erum öll á sömu blaðsíðunni hvað helgihaldið varðar í almennum guðsþjónustum. Það er orðinn misbrestur á því enda margt í málfari og guðfræði sem hefur breyst á 40 árum. Það er von mín að við getum sameinast um einingu í helgihaldinu en um leið notið þess að fara nýjar leiðir fyrir utan hina hefðbundnu sunnudagsguðsþjónustu safnaðarins. Málfar hefur breyst mjög í seinni tíð og nauðsynlegt að það sé skiljanlegt þeim sem til kirkjunnar koma. Þó að Guð skilji bænir á öllum tímum og breytist ekki þá breytist mannfólkið og tímarnir og er það hlutverk kirkjunnar að koma boðskapnum til skila á því máli sem talar inn í aðstæður fólks hverju sinni.

### Vísitásiur

Biskup Íslands vísiterar söfnuði þjóðkirkjunnar að minnsta kosti einu sinni á sinni biskupstíð. Vísitásiur eða heimsóknirnar sýna svo ekki verður um villst að þjóðkirkjan býr yfir miklum mannaúði. Hvarvetna sem komið er hitti ég fólk sem ann kirkjunni sinni. Fólk sem leggur mjög mikið á sig til að sinna þeim verkefnum sem þau hafa tekið að sér. Í sóknarnefndunum er eðalfólk sem gefur af tíma sínum og starfskröftum svo að kirkjustarfið megi blómstra í sókninni sinni. Það heldur við kirkjuhúsinu, þrífur það og sér til þess að allt sé til reiðu þegar guðsþjónustur eða aðrar athafnir fara fram. Það er þakkarvert og eftirtektarvert að þau eru að varðveita menningarminjar þjóðar okkar og menningararfinn sem

kristin trú hefur lagt til þessa samfélags. Það gera þau í sjálfboðinni þjónustu en ekki launaðri vinnu. Hið sama má segja um þau öll sem syngja í kirkjukórunum um land allt og eru ávallt tilbúin til að syngja þegar á þarf að halda, hvort heldur er við guðsþjónustur, útfarir, brúðkaup, skírnir, fermingar eða aðrar þær athafnir sem fram fara. Ríki eða sveitarfélög hafa ekki haft forgöngu um að reisa kirkjurnar heldur fólkið í landinu sem vill geta leitað á fund Guðs síns í sinni eigin kirkju. Það hefur verið fróðlegt og ánægjulegt að heimsækja fólkið í kirkjunni og koma í fallegu kirkjuhúsin þeirra.



## Hlutverk kirkjunnar

Það er gott og blessað að hafa gott skipulag, þing, ráð og nefndir, starfsfólk, sérstaklega vígt til þjónustunnar eða ólaunað fólk í sjálfbodinni þjónustu. En það er ekki hlutverk kirkjunnar. Fólkið styður við að kirkjan geti rækt hlutverk sitt en er ekki hlutverkið. Í grunninn er hlutverk kirkjunnar aðeins eitt: að koma óviðjafnanlegum boðskap Jesú Krists til skila til allra á hverjum tíma. Ég tel starf og þjónustu þjóðkirkjunnar eitt best varðveitta leyndarmál þessarar þjóðar. Þau sem nýtt hafa sér þjónustuna þekkja hana og oftast en ekki hef ég orðið vör við að fólk verður undrandi þegar það kynnist því sem hún hefur fram að færa.

Vel fer á því að þjóðkirkjan hefur valið sem kjörorð þrjár sagnir í lýsingarhætti nútíðar til að lýsa hlutverki sínu: *biðjandi*, *boðandi*, *þjónandi*. Mikilvægt er að efla eininguna í kirkjunni þannig að við sem störfum innan hennar finnum að við erum í sama liðinu og spilum þar af leiðandi saman eins og eitt lið með mismunandi stöður á vellinum. Við þurfum ekki og eigum ekki að vera sammála um alla hluti en umræðan á að leiða til sameiginlegrar niðurstöðu í mikilvægum málum. Góður vinur minn benti mér á þrjú hugtök sem sátu í honum eftir lestur ýmissa bóka og hlustunar á ýmis hlaðvörp um kirkjuna. Kirkjur að minnsta kosti í hinum vestræna

heimi eru allar að kljást við sama vandamálið, það að meðlimum þeirra fækkar. Þessi hugtök eru *vakna*, *þroskast* og *þjóna*. Þegar við lítum á eigið líf þá eru þetta hugtök sem við öll reynum á þroskaferli okkar. En þau geta líka verið gagnleg þegar við hugsum um hlutverk kirkjunnar í heiminum. Kirkjan þarf að vakna til vitundar um hlutverk sitt og vera brennandi í andanum fyrir því að leiða fólk til trúar á Krist. Hún þarf að þroskast, vaxa og dafna enda stendur hún á trausum grunni fagnaðarerindisins. Þjóðkirkjan á Íslandi á að halda áfram sem aldrei fyrr að þjóna þeim sem til hennar leita með athafnir, sálgæslu, næringu og fræðslu.

### Að vera og gera

Í fyrstu orðum Biblíunnar í 1. Mósebók, sjálfri sköpunarsögunni, segir að í upphafi hafi Guð skapað himin og jörð. „Jörðin var þá auð og tóm. Myrkur grúfði yfir djúpinu en andi Guðs sveif yfir vötnunum. Þá sagði Guð: „Verði ljós.“ Og það varð ljós.“

Guð sagði og það varð. Guð er og gerir. Þannig birtast verk Guðs, en ekki Guð sjálfur. Kirkjan *er*, en áður en hún varð *var* Guð. Kirkjan er og gerir. Hún er til staðar og gjörðir hennar birtast til dæmis í guðsþjónustunni þar sem við söfnumst saman, syngjum, biðjum, hlustum, játum, tökum á móti brauði og víni, erum blessuð og send. Vera kirkjunnar birtist í þjónustu hennar. Hún er alltaf til staðar og fyrir mörgum er hún hljóð og kurteis og biður þess að eftir þjónustu hennar sé leitað.

Kristinn einstaklingur er og gerir. Lífir í von sem er

samfléttuð trú og kærleik. Vonin gengur með okkur lífsins veg, í gegnum gleði og sorg, hamingju og vonbrigði, heilbrigði og sársauka. Hún nærast af trúnni og bæninni og lætur okkur vera og gera.

### Nýir tímar

Nýir tímar fara nú í hönd í þjóðkirkjunni. Viðbótar-samkomulag ríkis og kirkju felur í sér breytingar á skipulagi kirkjunnar. Mörgum spurningum er ósvarað þó að mynd sé að komast á stærstu áskoranirnar. Bið ég þess að þjóðkirkjan eflist og dafni vel í þessu nýja skipulagi. Margt breytist þegar lög verða felld niður og kirkjuþingið ákveður enn fleira en áður. Hins vegar vil ég leyfa mér að minna á að enn stendur í stjórnarskránni að ríkið skuli styðja og vernda þessa evengelísku lútersku kirkju. Því hefur ekki verið breytt. 62. grein sem skilgreinir hina „evangelísku lútersku kirkju“ sem þjóðkirkju Íslands má breyta með lögum, en 1. málsgrein 79. greinar segir að auki að slík breyting þurfi samþykki í leynilegri þjóðar-atkvæðagreiðslu.

Kirkjuráð er ekki lengur til. Sóknirnar eru sjálfstæðar. Kirkjuþing hefur fleiri verkefni og ber meiri ábyrgð. Öll stefnum við að sama marki og höfum okkar hlutverk í kirkjunni til að ná því. Orð sr. Matthíasar í sálminum eru gagnlegur grunnur á nýrri vegferð.

*Legg þú á djúpið eftir Drottins orði  
og æðrast ei, því nægja mun þinn forði,  
þótt ómaksför þú farir marga stund.*

*Ef trú og dáð og dugur ei þig svíkur,  
er Drottinn lífs þíns ennþá nógu ríkur  
og mild hans mund.*

Hvar stöndum við og hvert viljum við stefna? Það er mál-efni kirkjunnar á hverjum tíma. Þó að prestar séu ekki lengur embættismenn ríkisins heldur venjulegir launamenn, eins og flestir í þjóðfélagi okkar, þá er ekki þar með sagt að þjóðkirkjan hafi breyst úr stofnun í fyrirtæki við breytingarnar sem tóku gildi um áramótin 2021/2022. Þjóðkirkjan er ekki fyrirtæki. Hún starfar vissulega í heiminum, með fólki og fyrir fólk, og ber að fara eftir lögum og reglum þess þjóðfélags sem hún starfar í. En hún hefur líka sín andlegu lög, stjórnarskrá sem nefnd hefur verið skírarnarskipunin eða kristniboðsskipunin. „Og Jesús kom til þeirra, talaði við þá og sagði: „Allt vald er mér gefið á himni og jörðu. Farið því og gerið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður og sonar og heilags anda og kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.““ (Matt. 28:18–20.)

Það er ljóst að ytri skilyrði þurfa að vera fyrir hendi svo hægt sé að skíra og kenna. Menntun þarf einnig að vera til staðar, hjá prestum, djáknum, organistum og öðrum sem starfa á vegum kirkjunnar. En ef trúna vantar og vonina og kærleikann sem henni fylgir er ekki hægt að skíra og fræða.

### Trúariðkun

Trúin er gjöf sem öllum mönnum stendur til boða, bæði skírðum og óskírðum. Sá einstaklingur sem ekki fær að kynnst trú í æsku er vanbúnari til að taka afstöðu til kristinnar trúar á fullorðinsárum heldur en sá sem hefur úr einhverju að velja. Sá sem til dæmis hefur ekki kynnst skíðaiþróttinni í æsku verður aldrei eins fær í skíðaiþróttinni og sá einstaklingur sem fékk leiðsögn foreldra eða vina strax í æsku. Það sama á við um trú og trúariðkun.

Að iðka trú er eins og önnur iðkun. Færnin kemur með æfingunni og því meiri sem hún er því dýrmætari er hún í dagsins önn. Það þykir sjálfsagt að börn æfi íþróttir eða læri á hljóðfæri. Til að ná þar færni þarf dagóða ástundun. Það barn sem ekki fær að kynnst trúariðkun heima eða í kirkju er verr statt á lífsins vegi þegar út af bregður og áföll verða heldur en sú manneskja sem veit hvert hún getur leitað þegar á bjátar.

### Tiltekt

Svo eru það markmiðin sem þarf að vinna að og geta verið langhlaup og þau verkefni sem þarf að hlúa að, svo sem viðhald húsa, utan sem innan. Það þarf einnig að taka til og þrifa.

Stundum hefur mér fundist á biskupstíð minni ég geta tekið undir orðin hennar Ingibjargar Haraldsdóttir í ljóðinu *Kona*:

*Þegar allt hefur verið sagt  
þegar vandamál heimsins eru  
vegin og metin og útkljáð  
þegar augu hafa mæst  
og hendur verið þrýstar  
Í alvöru agnabliksins  
– kemur alltaf einhver kona  
að taka af borðinu  
sópa gólfíð og opna gluggana  
til að hleypa vindlareyknum út.*

*Það bregst ekki.*

### Tími umbreytinga

Þann tíma sem ég hef setið á biskupsstóli hefur tilfinning mín verið sú að ég væri biskup á miklum umbreytingatímum og mér væri ætlað að taka til á borðinu „milli funda“, eins og konan í ljóðinu. Með þessu er ég ekki að segja að forverar mínir hafi ekki leyst úr hverju málinu á fætur öðru heldur er ég að horfa til þess að nýtt skipulag þjóðkirkjunnar er orðið og út frá því verður unnið næstu árin og jafnvel áratugina. En kirkjan verður alltaf að vera sér þess meðvitandi að hún er ekki af þessum heimi en starfar í þessum heimi.

Mestu máli skiptir að eiga gott samband við þjóðina sem kirkjunni ber að þjóna. Styrkur kirkjunnar liggur meðal annars í því að hún hefur þéttriðið þjónustunet um

allt land og er það bundið í lögum um þjóðkirkjuna að henni beri að halda úti vígðri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni. Allt sem yfirstjórn þjóðkirkjunnar tekur sér fyrir hendur á að miða að því að koma kærleiksboðskap Jesú Krists til fólksins í orði og í verki. Brýnt er að hafa í huga umhyggju, jafnræði og samstöðu, bæði gagnvart starfsfólki og þeim sem þiggja þjónustu kirkjunnar.

Við mannfólkið sáum, en Guð gefur vöxtinn og uppskeruna. Við getum ekki og eigum ekki að setja okkur í annað hlutverk en okkur er ætlað. Til þess þurfum við að eiga samband við Guð okkar með lestri Orðs hans og bæn.

Á fyrstu presta- og djáknastefnu minni árið 2013 sagði ég í lokaorðum setningarræðunnar:

Kirkjan á að vera öðrum stofnunum fyrirmynd í vinnubrögðum og verklagi. Hún á að sýna það í verki að hún fetar í fótspor Jesú Krists, sem sýndi fólki umhyggju og stóð með þeim sem brotið var á. Hann benti líka á það sem betur mátti fara í samfélaginu og kom fram við alla á jafnréttisgrundvelli. Kirkja hans verður að minnast þess að ganga þannig fram í þjónustunni að allir finni sig velkomna og geti leitað til hennar í öllum aðstæðum. Og að umræðan fari fram á jafnréttisgrundvelli. Við skulum standa vörð um þau gildi er hann birti okkur og finna má í guðspjöllunum og ritum Nýja testamentisins og sem kirkja tala hreint út um Krist og trúna. Gangu ótrauð fram án ótta í trausti þess að við göngum ekki veginn ein. Kirkjan á að vera sýnileg í samfélaginu, berjast fyrir því sem betur

má fara og hvetja fólk til dáða í þeim efnum. Við byrjum á okkur sjálfum, styrkjum okkur í samfélaginu við Drottin og hvert annað til að við verðum færari um að bera þær skyldur er við höfum gengist undir.\*

## Nútiðin og framtíðin

Í nútímasamfélagi er spurt: Hvað fæ ég í staðinn? Hver er ávinningur minn? Við getum spurt: Hvað hefur kirkjan að bjóða? Hvað býður kirkjan umfram allar aðrar stofnanir samfélagsins, umfram öll félög landsins?

Á tímum hraða og spennu þyrstir margan manninn í kyrrð og innri frið. Í kirkjum landsins er hægt að finna þann frið sem er æðri öllum skilningi. Kirkjan býður fyrirbæn og blessun. Hún býður sálgæslu og helgihald sem er hlaðið merkingu og lífsfyllingu. Hún býður fræðslu og mót Guðs og manns á stórum stundum lífsins. Hún flytur boðskap sem er lífgefandi hér og nú og um eilífd alla. Trúin mótar manninn, sem hefur áhrif á samfélag sitt og miðlar þeim gildum sem trúin boðar. Kirkjunni er falið það hlutverk að boða Orðið heimi sem Guð elskar og vill gera heilt það sem sundrast hefur.

Við setningu prestastefnu enda ég alltaf setningarræðuna með þessum orðum: „Megi vinátta okkar styrkjast og samheldni okkar aukast, í Jesú nafni.“ Ég er sannfærð um að styrkur kirkjunnar liggur í þeim auði sem við eigum hvert í öðru og ef okkur tekst, leikum og lærðum,

\* [kirkjan.is/library/Files/utgafa/arbok-kirkjunnar/Arbok-kirkjunnar-2012-2013.pdf](http://kirkjan.is/library/Files/utgafa/arbok-kirkjunnar/Arbok-kirkjunnar-2012-2013.pdf).



að vera samhent um að ganga í sömu átt, þá mun okkur vel farnast sem kirkja.

### Biskupstíðin

Ég er þakklát Guði mínum og samferðafólki fyrir árin sem ég hef setið á biskupsstóli. Þau hafa verið lærdómsrík. Áskoranir hafa verið þó nokkrar og þakka ég samstarfsfólki mínu fyrir að ég hef getað staðið vaktina hvað sem á dynur.

Ég er fyrsta konan sem gegnir embætti biskups Íslands. Ég hef fundið fyrir því að vera af því kyninu. Það eiga sumir einstaklingar enn erfitt með að leita til kvenkyns leiðtoga og jafnvel þurfa að lúta boðvaldi hans. Þeirri reynslu verður ekki lýst með orðum. Ég hef leitast við að fara ekki í manngreinarálit eða stunda baktjaldamakk. Vopn mitt í erfiðum samskiptum eða erfiðum verkefnum er bænin. Ég hef tröllatru á bæninni og trúi því að heilagur andi stjórnir meiru en margur vill vera láta. Í þeirri trú hvíli ég örugg og geng veginn fram bjartsýn á framtíð trúar og kirkju í þessu landi.

„Og friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun varðveita hjörtu ykkar og hugsanir ykkar í Kristi Jesú.“  
(Fil. 4:7.)

*Ólafur A. Sigurðsson*